

Ólafsvallatorfan

Jón Eiríksson skráði.

Hér verða tekin í einu lagi til örnefnaskráningar og kortagerðar land
landnámsjarðarinnar Ólafsvellir og jarðanna sjö sem síðar byggðust út úr
heimajörðinni sem hjáleigur.

Fimm af þessum jörðum eru enn í byggð, þ.e. Andrésfjós, Norðurgarður,
Björnskot, Vesturkot og Minni-Ólafsvellir, en tvær hjáleiganna, Gata og Brenna, eru
löngu komnar í eyði. Jörðin Minni-Ólafsvellir er nú smábýli en hinar jarðirnar fjórar
eru allar stórbýli og eiga tún og aðrar landsspildur vítt og breitt um torfuna svo þar
verður ekki greint á milli. Ólafsvallatorfan er gríðarstór eða um XXX ha.

Landnámsjörðin Ólafsvellir

Landnám og saga

Jörðin Ólafsvellir ber nafn landnámsmannsins Ólafs tvennumbrúna en síðari hluti
nafnsins vísar til hins mikla sléttlendis jarðarinnar sem Ólafur og menn hans hafa
sjálfsagt hrifist af, komnir frá klettótttri byggð í Lofoten.

Landnámabók lýsir landnáminu þannig:

Óláfr tvennumbrúni hét maðr; hann fór af Lófót til Íslands; hann nam Skeið oll milli Þjórsár <ok Hvítár
ok> til Sandloekjar; hann var hamrammr mjok. Óláfr bjó á Óláfsvollum; hann liggir í Brúnahaugi undir
Vorðufelli. (Íslensk fornrit I, 376-7 (ath. er ekki alveg stafrétt, vantar lykkju á o sumsstaðar)).

Mörk landnáms Ólafs eru óglögg að neðan um Merkurhraun en hafa líklega verið á
svipuðum slóðum og hreppamörkin eru nú. Flóinn hafði verið numinn áður og
bræðurnir Oddgeir sem bjó í Oddgeirshólum og Hróðgeir sem bjó í Hraungerði verið
sestir þar að og búnir að afmarka sér land. Sama sé um Össur er bjó í Kampholti. Því
hafi sagnaritaranum Ara fróða ekki þótt ástæða til að nefna mörkin á milli
landnámsmannanna þegar hann skráði Landnámubók um 1130, að talið er. (?? Er að
rugla saman við Íslendingabók).

Þó segir Valdimar Guðmundsson, fæddur í Kílhrauni 3. sept. 1902 og bóndi þar frá 1930 – 1960 á hálfri jörðinni, nýbýli sem hann nefndi Mörk þegar Jónína Hafsteinsdóttir skráði eftir honum örnefni Kílhrauns:

Sumir telja, að Axarhóll hafi áður verið hornmark, [en hann er nokkru vestar] og hefur Merkurlaut þá verið töluvert í Kílhraunslandi. Sögn er um, að Þorsteinn Nikulásson – Bréfa-Þorsteinn – hafi grafið peninga sína í Axarhól, en hann sagðist ætla að vera á mörkum Flóans og Skeiðanna. (Örnefnaskrá Kílhrauns eftir Valdimar Guðmundsson, bls. 2. Örnefnastofnun).

Augljóst er að Ólafur tvennumbrúni hefur numið Skeiðin á síðari tíma landnámsins. Gæti það verið um 920 en landnáminu er talið lokið 930.

Að öðru leyti eru mörk landnámsins glögg, stórárnar Þjórsá og Hvítá á hvora hlið og svo Stóra-Laxá, þar til Sandlækurinn rennur í ána. Lækurinn heitir nú Sandlækjarós og hefur fengið nafn af bænum. Efstu mörk landnámsins eru því um lækinn og úr suðurenda hans beint í Þjórsá en þessi mörk eru enn hreppamörk.

Landnám Ólafs hefur því verið skýrt afmarkað landfræðilega, náð yfir Skeiðahrepp allan og þrjár jarðir að auki; Helgastaði, Iðu og Eiríksbakka sem nú tilheyra Biskupstungum.

Ekki er vitað hvenær þær féllu til Biskupstungnahrepps en sögn er um að Helgi trausti, sonur Ólafs landnámsmanns, hafi búið á Helgastöðum. Gæti þá Teitur Ketilbjarnarson í Höfða í Biskupstungum hafa slegið eign sinni á jarðirnar eftir að hafa fellt Helga við Helgahvál, sekan skógarmann eftir víg Þorgríms örrabein.

En þess hefur ekki þurft við því Skálholtsbiskupar höfðu nóg ráð til þess að ná jörðum undir sig. Bent skal á að ferjan á Iðu hefur verið Skálholtsstað mjög þýðingarmikil því um hana lágu verslunarferðirnar til Eyrarbakka og síðan um Iðuland og Eiríksbakka fram á Skeið. Er snemma getið ferjumanns á Hvítá hjá Iðu, eða í Jarðteiknabók Þorláks biskups helga um 1200, og ferja var á ánni hjá Iðu þar til Hvítárbrúin kom í gagnið árið 1957.

Landnámsmaðurinn Ólafur tvennumbrúni

Í Landnámubók segir að Ólafur hafi numið „Skeið oll milli Þjórsár <ok Hvítár ok> til Sandlækjar [...]“ og að hann hafi verið hamrammur mjög. Fræðimenn hafa löngum velt fyrir sér viðurnefni hans og komið með ýmsar skýringar. Einar Arnórsson,

prófessor, getur þess til að Ólafur hafi átt tvo sonu, eða fóstursonu, eða sér nákomna, sem báðir hafi heitið Brúni. Hafi annar þeirra fengið staðfestu á Brúnavöllum á Skeiðum, í Landnámi Ólafs, en hinn á Brúnastöðum í Hraungerðishreppi og hafi sest þar að áður en þeir Oddgeir og Hróðgeir námu þar land. Gæti þá Ólafur hafa fengið viðurnefnið af þessum tveimur Brúnum. Og enn ályktar Einar Arnórsson:

„Viðurnefnið gæti líka verið dregið af andlitseinkennum mannsins (sambrýndur?) eða hamremi hans, og „tvennumbrúni“ hefði þá bent til svipbreytingar, er hamremið kom yfir hann.“ (Árnesinga saga II, 62 (bein og óbein tilvitnun)).

Annar fræðimaður, Þórhallur Vilmundarson, prófessor, hefur reynt að skýra viðurnefnið út frá náttúrunafnakenningu sinni. Vitnar hann í Einar Arnórsson um Brúnirnar tvær og segir:

Bæirnir *Syðri-* og *Efri-Brúnavellir* eru skammt norðaustur af Ólafsvöllum, og kann að vera, að viðurnefni Ólafs sé sótt í tvenna B. Nafnið B. gæti verið dregið af brúnum í landslagi, en svo eru nefndir jaðrar vallendis og mýrlendis (rimabrunir) á Suðurlandi. Á Hlemmiskeiði, næsta bæ sunnan B., er langur rími, sem gengur vestur frá túni í átt að Ólafsvallahverfi og nefnist *Brún*, og var talað um „að heyja í Brúninni“ að sögn Sigurðar Bjarnasonar á Hlemmiskeiði. Í B.-landi eru rimar, en ekki háir, og þar var ekki talað um brúnir að sögn Þorsteins Bjarnasonar á Syðri-B. (Grímnir 1, bls. 73).

Og Þórhallur prófessor kemur með aðra tilgátu:

Annar kostur og að ýmsu leyti álitlegri, er að B. hafi heitið upphaflega *Brunavellir* af no. *bruni* ‘sviðningur’ eða ‘sinubruni’, sbr. stafsetninguna *Bruna-* 1709 Jb. [Jarðabókin] [...]. Til styrktar þeirri skýringu er, að á Vestfold í Noregi er bærin *Brunvall* (*Brunavallum* um 1400) [...]. Enn eru til bæjarnöfnin *Brunsvellir* [...] og *Brunsvold* [...] í Buskerudfylki, sem mega vera af sama toga, sbr. sænsku bæjarnöfnin *Brunvalla*, *Brännvallen*. (Grímnir 1, bls. 73).

Kenning Þórhallar prófessors um að viðurnefni Ólafs getið verið dregið af „brúnum“ í landslagi Hlemmiskeiðis er fráleit því ekkert í landslagi þar sker sig úr frekar en annarra mýra- og rimajarða í nágrenninu. En ábendingin um stafsetningu Jarðabókarinnar – *Brunavellir* – er hins vegar umhugsunarefni.

Tilgáta Einars Árnasonar, um tvo syni Ólafs eða honum tengda sem báðir hafi heitið Brúni og staðfestu þeirra, virðist hreinn skáldskapur enda er þeirra hvergi getið í fornum sögum. Líklegt er þó að Ólafur hafi haft landseta sína á Brúnavöllum og hafi jarðirnar fengið nafn sitt af viðurnefni hans.

Guðmundur Eyjólfsson, bóndi á Húsatóftum, fæddur þar 1917 og uppalinn, dáinn 2001, sagðist hafa heyrt þá sögu að Ólafur hafi haft hrossabú á Húsatófum og verið nefnt Hrossatóftir. Mundi hann heftir leifum af miklum skjólgarði á túninu vestur af bænum sem hann lét ýta út þegar hann fór að stækka túnið. Garðurinn var allt að mannhæðarhár og fylgdu garðinum þau munnmæli að Ólafur hafi látið hlaða hann.

Má ætla að ekki hafi verið föst búseta í fyrstu á „Hrossatóftum“, heldur aðhald fyrir hrossin og einhverjir húskofar en landsetar Ólafs á Brúnavöllum gætt hrossanna. Þegar föst búseta hófst svo á Húsatóftum hafi bærinn fengið nafn sitt af hinum fornu tóftum (Örnefnaskýrsla Húsatófta).

Að öllum þessum bollaleggingum slepptum virðast öll rök hníga að því að viðurnefni Ólafs – tvennumbrúni – hafi fylgt honum frá Lofoten og sé dregið af andlitsfalli hans eins og Einar Arnórsson bendir á.

Í Landnámu segir að Ólafur hafi verið „hamrammr“ mjög en orðið merkir feiknasterkur maður sem skiptir um ham, er hamslaus, hamstola, trylltur, óður (Orðabók Háskólans).

Orðið „hamrammr mjok“ segir mikla sögu og bendir til þess að Ólafur hafi haft mannaforráð, átt skip og legið í víkingi, orðið hamstola í orrustum og þá skotið brúnum saman, orðið sambrýndur. Hitt er þó líklegra, að viðurnefnið sé dregið af því að hann hafi í hita bardagans skotið brúnum sitt á hvað, annarri upp en hinni niður, eins og Egill Skallagrímsson forðum í höllu Aðalsteins konungs eftir fall Þórólfs bróður hans í orrustunni á Vínheiði í Vínuskógi – en í Egils sögu segir:

Egill settisk þar niður ok skaut skildinum fyrir fœtr sér; hann hafði hjálm á hofði ok lagði sverðit um kné sér ok dró annat skeið til hálf, en þá skelldi hann apr í slíðrin; hann sat upprétt ok var gneypt mjok. [...] en er hann sat, sem fyrr var ritat, þá hleypði hann annarri brúninni ofan á kinnina, en annarri upp í hárrætr [...]. Ekki vildi hann drekka, þó at honum væri borit, en ýmsum hleypði hann brúnunum ofan eða upp. (Íslensk fornrit II, 143-4, ath. hvaða útgáfu Jón notar, hann er með nútímastafsetn. í tilvitnun sinni).

Í Landnámu segir að Ólafur tvennumbrúni liggi í „Brúnahaug undir Vorðufelli.“ Enginn veit lengur hvar dysin er en Þorsteinn Bjarnason, fræðimaður, segir í örnefnalýsingu Vorðufells að munnmæli segi að hóllinn Einbúi í Gamlanátthaga í Framneslandi sé dys Ólafs. Önnur munnmæli segi að skriða hafi runnið yfir legstað hans er hlaupið hafi yfir nátthagann.

Hóllinn Einbúi stendur í undirfögnum hvammi undir svonefndum Vestri-Hnaus vestan í Vörðufelli og er þaðan mikið og fagurt útsýni til vesturs og suðurs og allt til Ólafsvalla. Er mjög líklegt að Ólafur landnámsmaður hafi viljað láta heygja sig þar sem svo vel sést yfir ríki hans.

Hóllinn er ílangur og allhár, söðulbakaður því klettur standa upp úr báðum endum hólsins en hann er gróinn í miðjunni og nokkur jarðvegur þar sem hefði mátt grafa mann. Engin ummerki eru sjáanleg um að skriða hafi runnið yfir dys Ólafs í náttuganum, heldur hníga öll rök að því að hóllinn Einbúi sé dys hans.

Þrír menn frá sveitarfélaginu Vestvågöy í Lofoten, þeir Frode Wigum, sóknarprestur á Borg, Harald Bens Högseth, safnvörður á Borg og Per-Kaare Holdal sem leiddi hópinn, komu til Íslands í apríl 2002 til þess að strykja og efla menningartengslin við íbúa Skeiðarhrepps um hinn forna menningararf, landnám Ólafs tvennumbrúna.

Þeir fóru m.a. að Einbúa undir leiðsögn heimamanna og töldu mjög líklegt að þetta gæti verið Brúnahaugur. Bentu þeir á að fornmennt hefðu verið grafnir grunnt og þá vakti það athygli þeirra að hóllinn er eins og víkingaskip í laginu að þeir töldu. Þá sögðu þeir að grafinn hafi verið upp víkingaskáli í Lofoten sem sé sá stærsti í Noregi sem fundist hafi og sé hann eignaður Ólafi tvennumbrúna.

Og að lokum er saga um það hvernig Ólafur fékk viðurnefnið „tvennumbrúni“ en hún er sú að hann hafi einfaldlega alltaf haft tvo brúna hesta til reiðar. (Gömul sögn sem lifað hefur í sveitinni og er vissulega skemmtileg).

Áshildarhóll og sagan um ástir Áshildar á Ólafsvöllum, fyrstu húsfreyjunnar á Skeiðum

Skammt fyrir sunnan þjóðleiðina fornu um vestanverð Skeiðin, áleiðis niður í Flóa og rétt fyrir vestan brautina að Ólafsvöllum, er lítill, gróinn grjóthóll og heitir Áshildarhóll. Hóllinn þar er kenndur við Áshildi, fyrstu húsfreyjuna á Skeiðum, svo og mýrin þar vestur af sem heitir Áshildarmýri. Hóllinn er millimark Ólafsvalla og Kílhrauns.

Leiða má líkur að því að þar í hólnum hafi Áshildur á Ólafsvöllum átt síðasta fund með ástmanni sínum, Þorgrími Örrabein. Sá hafði verið garpur mikill áður fyrr og ódæll, legið í víkingi og orðið öróttur í andliti. Fékk hann af því viðurnefnið. Er saga þessi rakin bæði í Landnámabók og Flóamannasögu og lýsir því hvernig ástir á þeim

tíma, í kringum 960, að talið er, leiddu til mannvíga til þess að bjarga heiðri ættarinnar sem var skylda hvers þess manns sem eitthvað mátti sín.

Sagan segir frá því að Þorgrímur örrabein sem bjó í Traðarholti í Stokkseyrarhreppi hafi lagt hug á Áshildi þegar Ólafur tvennumbrúni var dauður. Þau Ólafur og Áshildur höfðu átt þrjá sonu sem nafngreindir eru; Helga trausta, Þóri drífu og Vaða. Helgi fer frá búi sínu (1) og vandar um við móður sína. Kvaðst hann ekki vilja fíflingu hennar og væri óvirðing í, bæði henni og frændum hennar en hún bað hann ekki gera sig reiða. Væri ekki á hans færi að keppa Þorgrím. Helgi svarar: „auðsætt er þat, at maðrinn hugnar þér vel, en ek mun eigi at síðr ekki sitja honum slíka svívirðing“. (Flóamannasaga, 27. Kom út í Kaupmannahöfn 1932).

Skilja þau nú tal sitt en Þorgrímur gistir á Ólafsvöllum. „Áshildr gerði honum góðan beina, ok fóru mjok saman hugir þeira“ eins og segir í sögunni. Helgi bað Þorgrím að láta af komum sínum en hann sagðist ekki hirða um þokka hans eða hótanir meðan hennar vilji stæði til.

Nú leiðir Áshildur Þorgrím á götu og má ætla að þau hafi riðið þjóðleiðina fornu, allt í Áshildarhól. Þar hefur verið gott að kveðjast í skjóli skógarins (2) fjarri mannabyggðum og er líklegt að þau hafi átt þar stefnumót áður (3).

Áshildur sagði sig gruna að þau sæjust ekki oft og gaf honum fingurgull mikið að skilnaði en Þorgrímur kvaðst ætla að hitta hana brátt. Skilja þau við svo búið.

Grunur Áshildar reyndist réttur því neðan við Áshildarmýri, þar við gatnamótin (4), sat Helgi trausti fyrir Þorgrími. Enn biður hann Þorgrím að láta af komum sínum en hann sagðist ekki hafa barna skap og væri tilbúinn að reyna við hann. Þá er vel að við reynum með okkur, segir Helgi, og börðust þeir snarplega og lengi. Þorgrímur var þá „á hinum efra aldri“, eins og sagan segir, mæddist skjótt, varð sár mjög og fellur að lokum fyrir Helga. (Flóamannasaga, 27-8. Sama útgáfa og áður).

Helgi hittir móður sína á Ólafsvöllum og spyr hún hann tíðinda. Hann svarar með vísu og er efni hennar þetta:

Eg var þar sem Errubein féll „til Fullar“

en glæstar sverðstungur sungu við hátt.

Eg gaf Óðni hermanninn Þorgrím

en hrafni ná hans. (Er ekki í útgáfunni sem ég

notast við (K.Þ.) Vísan er í Landnámu og skýringar en ekki orðrétt (ath. Jón Helgason)).

Ásynjan Fulla eða Fyllr var dýrkuð sem verndarvættur gróðursællar jarðar en hér getur skáldið líka átt við Fyllarlæk sem rennur þar sem þeir börðust. Lækurinn kemur úr Áshildarmýri og er gengið yfir hann þegar farið er að varðanum þar. Lækurinn er vatnsmikill og hefur líklega fengið nafn sitt af því – sé fullur. Í dag gengur hann undir nafninu Merkurlækur.

Þetta verður þinn höfuðbani, sagði Áshildur við Helga son sinn þegar hann sagði henni þessi tíðindi og það urðu orð að sönnu, eins og sagan lýsir.

Helgi ríður í Einarshöfn til þess að tryggja sér far utan og er þá líklega orðinn sekur skógarmaður eftir víg Þorgríms. Hæringur, sonur Þorgríms, þá 16 vetra að Landnámabók segir, ríður í Höfða í Biskupstungum, [til] frænda síns Teits Ketilbjarnasonar (6) og leitar liðsinnis.

Ríða þeir 15 saman út á Eyrar við Einarshöfn og banna Helga farið. Ríða þeir í burtu en sitja síðan fyrir Helga þegar hann var á heimleið af Eyrum sunnan. Fundust þeir í Merkurhrauni „upp frá Mork við Helgahvæl“ eins og sagan lýsir því. Þeir Helgi voru þrír saman og er þeir sjá reið þeirra hlaupa þeir á hólinn. Vörðust þeir drengilega og varð þarna hörð hríð. En sökum liðsmunar féll Helgi og maður með honum og einn maður úr hinu liðinu. Var síðar sæst í málinu, vígin féllust í faðma og segir ekki meira af Áshildi á Ólafsvöllum og dapurlegum endi ástarmála hennar sem kostuðu ástmann hennar og son lífið. (Ath. hvaða útgáfu sögunnar Jón styðst við. Er hann að vísa í Landnámu líka?).

Skýringar:

- (1) Munnmæli eru um að Helgi trausti hafi búið á Helgastöðum („ok fór frá búi sínu til hennar [móður sinnar]“ segir Flóamannasaga, 27). Þá er líklegt að hann hafi einnig haft jarðirnar Iðu og Eiríksbakka undir.
- (2) Við landnám hefur Merkurhraunið verið víði og skógi vaxið eins og nafnið lýsir.
- (3) Sögn er um að Áshildur sé grafin í Áshildarhóli.
- (4) Líklegt er að ferðamannaleið hafi verið milli ferjanna að Króki og Árhrauni sem Rangæingar hafi meðal annarra farið til Alþingis. Atburðir þeir sem hér er lýst eru taldir hafa orðið um 960 en þá hafði Alþingi setið í 30 ár. Þetta gæti því hafa verið allfjöldmenn leið. Hinar fornu sögur tala um gatnamótin fyrir neðan Áshildarmýri sem bendir til þes að reiðleiðin

forna hafi í fyrstu verið sunnan Merkurlautar og á svipuðum slóðum og Skeiðavegurinn. Gatnamótin gætu því hafa verið þar sem Skeiðavegurinn liggur nú en gömlu göturnar sjást enn norðan vegarins, í rima ofan við Merkurlautina, Flóamegin við sveitarmörkin.

(5) Hann hefur þá verið um fertugt, að fróðir menn telja, eða rúmlega það.

(6) Þeir voru systkinasynir.

Helghóll er auðþekktur, hár og mikill, gróinn grjóthóll, nú millimark Ólafsvalla og Árhrauns. Hóllinn stendur skammt austan við brautina að Árhrauni og um 400 metra ofan við þjóðleiðina fornu sem Skeiða- og Biskupstungnamenn fóru allt frá landnámi og fram í tíð núlifandi manna og sést greinilega enn.

Lýsing sögunnar bendir til þess að Teitur og lið hans hafi setið fyrir Helga og mönnum hans þar við þjóðleiðina en þeim hafi tekist að ríða að hólnum og verjast þar. Þar hefur verið gott vígi en enginn má við margnum.

Hvar var hið forna býli Mörk?

Enginn veit lengur hvar býlið Mörk hefur staðið og þar hefur þráðurinn milli kynslóðanna slitnað snemma, því í Jarðabókinni frá 1709 segir:

Forn eyðijörð, hefur í eyði legið framyfir allra þeirra minni sem nú eru á lífi, eru menn og ekki fullvissir um, hvert hún hafi þessari sveit fylgt ellegar Skeiðum eður Hraungerðishrepp. [...].

Enginn veit hvörjir hjer hafa kostir eður ókostir verið, en það ætla menn, að þrönglendi og ágángur nábúa hafi jörðina eyðilagt. Munnmæli almúgans segja því hafi valdið reimleiki. [...]. Ekki má hjer aftur byggja, því tústæði alt er í grjót og hrjóstur komið; engjar eru og engar. (180).

Um eyðijörðina Mörk segir Valdimar Guðmundsson í örnefnaskýrslu sinni sem áður er getið:

Merkurlaut (2) nær ekki að heitið geti inn í Kílhraunsland, er í Hjálmhólts- og Skálmhóltslandi. Hún er kennd við býlið Mörk sem var fyrir sunan Axarhól. Sér fyrir grænum bletti þar enn. Var þar haft sel frá Hjálmholti, eftir að hætt var að búa, og löngu seinna byggt sauðahús, sem var í notkun fram á miðja 19. öld. [...].

Sumir telja, að Axarhóll hafi áður verið hornmark, og hefur Merkurlaut þá verið töluvert í Kílhraunslandi. Sögn er um, að Þorsteinn Nikulásson – Bréfa-Þorsteinn – hafi grafið peninga sína í Axarhól, en hann sagðist ætla að vera á mörkum Flóans og Skeiðanna. (2).

Orð Landnámu: „upp frá Mork við Helgahvál“ (378) benda þó til Ólafsvallasels sem er skammt vestan þess að Teitur og lið hans sátu fyrir Helga.

Ólafsvallasel er gróðurvin í Merkurhrauni, skammt vestan þjóðleiðarinnar og er fornt sel frá Ólafsvöllum. Það hefur staðið á grónum hraunrima en upp úr rímanum stendur lágur hóll, Selhóllinn, og eru þar fornar tóftir.

Sunnan hólisns er allstór valllendisflöt og í henni miðri er tjörn, Seltjörnin. Þar var sagt að þryti aldrei vatn og búpeningur sótti þangað í þurrkatíð. Sögn er um að ein selstúlkan hafi komið fyrir óvelkomnu barni sínu í tjörninni og heyrist þaðan útburðarvæl fyrir illviðrum. Þá er sagt að slæðingur sé í hrauninu.

Talið er að sr. Guðni Guðmundsson, prestur á Ólafsvöllum 1835-1843 hafi haft þar síðast í seli (örnefnaskrá J.E. frá 1950) en Valdimar Guðmundsson í Kílhrauni, bóndi þar 1935-1960, telur að það hafi verið sr. Pétur Stephensen, prestur á Ólafsvöllum 1843-1859.

Ólafsvallasel getur hafa verið dagott býli í fornöld. Nafnið Merkurhraun bendir til þess að það hafi verið viði vaxið, eða skógi, og hefur þá búfé getað gengið sjálfala úti meðan skógarins naut við. Þar hefur verið skjólgott og vatn þraut ekki í tjörninni. Þetta er líklega hið forna býli Mörk. (J.E.).

Brynjólfur Jónsson frá Minna-Núpi ritar svo í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1905:

En Merkurhraun er all-mikið svæði. Austan við hraunið, milli þess og Kílhrauns, er mýrlend grasslétta, sem heitir Áshildarmýri. Hún á að vera kend við Áshildi, konu Ólafs. Frá þeirri mýri gengur laut mikil alla leið vestur úr hrauninu. Hún heitir Merkurlaut. Sunnan við mýrina og vestan við lautina skiftast vegir þá er frá Ólafsvöllum er komið; liggur annar ofan með lautinni niður í Flóa en hinn til Hraunbæjanna niður við Þjórsá. Þetta eru að líkindum gatnamótin, sem Landn. nefnir. Litlu fyrir neðan gatnamótin er stór hraunhóll, er heitir Axarhóll. Í honum er sagt að Þorgrímur orrabein hafi verið heygður, hafi exi hans fundist þar síðar, og sé hóllinn kendur við hana. Nú sjást engin merki þess, að þar hafi haugur verið eða dys. En sögnin um axarfundinn bendir á, að dysin hafi verið rofin og leitað í henni. Hafa þá þar, eins og víðar, öll verksummerki verið eyðilögð. (28).

Þjóðleiðin forna (Merkurhraunsvegur, eins og sýslunefndin nefndi leiðina)

Svo eru nefndar hér gömlu hestagötturnar sem liggja eftir landi Ólafsvallatorfunnar endilangri – síðar vagnabraut – sem bændur og búalið á Skeiðum og úr uppsveitunum hafa farið allt frá landnámi og til vorra daga, að Skeiðavegurinn kom í gagnið.

Brautin kemur ofan úr Brjánsstaðalandi og hefur legið norðan Götudælanna sem bera greinilega nafn sitt af hinum fornu götum. Brautin liggur svo fram land Ólafsvalla en er nú horfin í tún þar til fremst í heiðinni. Þar og í Merkurhrauni er brautin enn óhreyfð og auðrakin fram í Kílhraunsland og áfram. Heitir þar Sprengir, fremst í Ólafsvallalandi og er harður og sléttur völlur, [má] ætla að nafnið sé dregið af því að þar hafi menn sprett úr spori þegar þeir komu út úr hrauninu. Brautin liggur svo norðan Ruðningahólsins, grjóthólsins þar sem varði Árnesingafélagsins stendur og svo niður í Flóa.

Í fornum sögum er sagt frá því að fornmenn hafi komið út með skip sín til Einarshafnar, síðar Eyrarbakka. Þar var höndlað til forna en síðar var þar verslunarstaður Sunnlendinga, einokunarverslun lengi en síðast innlend verslun. Þangað sóttu bændur á Skeiðum og í uppsveitunum verslun sína, reiðmenn með langar lestir er fluttu ull, þrjónles og aðrar afurðir búanna til þess að láta í skiptum fyrir matvöru og aðrar nauðsynjar til búsins. Sýna gömlu götturnar sem hesthófarnir hafa markað í svörðinn að þarna hefur verið þjóðleið kynslóðanna í margar aldir.

Upp úr aldamótunum 1900 hefst vagnaöld sem olli byltingu í samgöngum. Gömlu götturnar voru breikkaðar og gerðar vagnfærar. Byrjað var að leggja Skeiðavegin frá vegamótum Flóavegar áleiðis að Húsatóftum árið 1906 en það er ekki fyrr en árið 1917 sem fyrsti bíllinn kemur upp að Húsatóftum, að heimildir segja. Upp úr 1920 hefjast svo áætlunarferðir bíla að Húsatóftum og enn verður bylting í vöru- og fólksflutningum. Engar heimildir eru tiltækar um hvenær vagnar fóru að fara Skeiðavegin en ljóst er að gamla þjóðleiðin hefur verið vagnabraut í nær tvo áratugi, enda ber hún það með sér, er bæði djúp og breið.

Ólafsvallavegur

Árið 1928 hófst sókn í vegamálum sveitarinnar en þá hafði Sýsluvegasjóður Árnessýslu fengið aukin fjárráð. Byrjað var að leggja þrjár veglínur af Skeiðavegi –

veg frá Húsatóftum áleiðis að Vorsabæ, veg að Blesastöðum, áleiðis að Skeiðháholti, og veg áleiðis að Ólafsvöllum. (Jón Guðmundsson, Sunnlenskar byggðir 1, 430).

Bílfær mun vegurinn þó ekki hafa orðið fyrir en upp úr 1930. Eitthvað munu bílar hafa farið gömlu vagnabrautina að Ólafsvöllum þangað til í þurrkatíð á sumrin. „Ég man eftir að hafa séð bíla á þessari leið, líklega kringum 1928“ segir Sólveig Þorleifsdóttir frá Árhrauni, f. 1915. Nú er góður malborinn vegur í Ólafsvallahverfi og bæjanna þar.

Heimreiðin að Ólafsvöllum lá af þjóðleiðinni sem bændur og búalið úr Ólafsvallahverfi hefur farið þar til nýi vegurinn kom í gagnið. Vera má að bændur frá Vorsabæ, Birnustöðum og Álfstöðum hafi farið um Ólafsvelli til forna, meðan hesturinn var eingöngu til burðar og reiðar, og á þjóðleiðina.

Bændur frá Fjalli, Framnesi og Útverkum – og svo Skálholtsmenn – hafa farið Hvítárbakka og Bauluós á vaði við ármótin en þar var gott vað fram yfir 1935. Þeir hafa þá farið Hvítárbakka áfram og á Árhraunsbrautina, áleiðis á þjóðleiðina, og því ekki komið til Ólafsvalla í verslunarferðum.

3/5 2003.

J.E.

Kirkjustaðurinn Ólafsvellir og Ólafsvallakirkja

Jörðin Ólafsvellir er svo samtvinnuð kristinni kirkju sem kirkjustaður að ekki verður í sundur skilið frá fornöld til vorra daga. Jörðin var kunnasta stórbýlið í landnámi Ólafs tvennumbrúna en önnur tvö stórbýli eru komin þar um og upp úr 1000; Fjall og Reykir.

Um sögu Ólafsvalla frá landnámi er lítið vitað þar til um 1200 að Páll biskup Jónsson birtir skrá um kirkjur þær í Skálholtsbiskupsdæmi er presta þarf að fá til (Íslenskt fornbréfasafn XII – veit ekki með blaðsíðutal og sleppi að hafa innan gæsalappa (K.Þ.)).

Engar heimildir eru um hvenær kirkjan eignaðist jörðina. Vera má að það hafi ekki verið fyrir en eftir sættina í Staðarmálunum svonefndu árið 1297, þegar kirkjunnar menn og veraldlegir höfðingjar deildu um eignarrétt kirkjunnar á kirkjújörðum. Líklegt er þó að kirkjan hefi eignast jörðina fyrir og þá sem „beneficium“.

Grunnmerking orðsins „beneficium“ á latínu er góðverk og notkun þess um prestsetur er dregin af þeirri hugsun að bújarðir hafi fyrr á öldum verið gefnar kirkjunni til guðspakka – verið góðverk Drottni til þakklætis.

„Beneficium“ er því kirkjustaður og meðfylgjandi jörð, sem biskup hafði forræði yfir fyrr á öldum, en veitti prestum að léni, sem hirtu þá allar tekjur af jörðinni. En á 16. öld, um siðaskiptin, var orðið „beneficium“ einfaldlega farið að merkja fast prestsetur, og er sú merking Jarðabókarinnar. Gamla merkingin virðist þó líka hafa verið höfð í huga úr því latneska orðið „beneficium“ er notað. (Kristinn Kristmundsson. Bréf).

Elsti máldagi Ólafsvallakirkju er frá því um 1356 („er Gyrðr biskup Ívarsson setti“). Þar er kirkjan nefnd Andreaskirkja á Ólafsvöllum og er greinilega orðin „benaficium“ því kirkjan á heimaland allt með gögnum og gæðum og stórbú. Eru það 10 kýr, 26 ær, hest og hryssu. Þá á kirkjan óvirt fé og ein messuklæði. Enn á kirkjan hundrað í vaðmálum (120 álnir, eða kýrverð). (Íslenskt fornbréfasafn, III, 115).

Næsti máldagi Andrésarkirkju á Ólafsvöllum sem varðveist hefur er frá um 1397. Bústofn er þá 8 kýr, 21 á, tvö hross og tvævetra geldingur. Búnaður kirkjunnar hefur aukist mikið því kirkjan á tvenn messuklæði, kaleik, altarisklæði með dúkum, glóðarker og eldbera, mundlaug, vatnsketil, (helgigöngu)merki, kantarakápu, tvo sloppa, þrjá krossa, skrín með helgum dómum, Andrésarlíkneski og lítið Mariúlíkneski. Þá á kirkjan hundrað í bókum, skruða eða bókakistu, tvær kertastikur, tvær klukkur, tvær bjöllur og átta merkur af vaxi. Enn hefur kirkjan eignast skóg í Hrossatungum í Þjórsárdal og skógarteig á Búrfellshálsi. (Íslenskt fornbréfasafn, IV, 115).

Fyrir atbeina Gissurs biskups Ísleifssonar í Skálholti var tíundin sett á með lögum 1096 eða 1097 og hélst hún fram eftir öldum. Gekk fjórðungur hennar til kirkjunnar, fjórðungur til prestsins, fjórðungur til biskups og fjórðungur til fátækraframfærslu en talið er að hreppaskipanin hafi þá verið komin á eða fyrr en eitt verkefni þeirra var framfærsla ómaga. En prestinum – staðarhaldaranum – bar að sjá um kirkjuna og búnað hennar.

Í bók Lýðs Björnssonar – Saga sveitastjórnar á Íslandi, fyrra bindi – segir að ákvæði tíundarlaganna 1096/1097 séu elstu heimildir um myndun hreppanna. Fræðimenn ýmsir hafi reynt að skýra orsakir fyrir myndun þeirra og sýnist sitt hverjum.

Skúli Þórðarson telur að landinu hafi verið skipt niður í umdæmi sem hvert um sig hafði samtök um fjallskil. Í Landnámu sé aðeins getið um 4 hreppa – Gnúpverja-,

Hrunamanna-, Kallnesinga-, og Hraungerðingahreppa – sem allir séu í Árnessýslu. Þar hafi verið mikil nauðsyn á skipulögðum fjallskilum og sé upphaf hreppaskipunarinnar og að líkindum fyrir 930.

Í þjóðveldislögum sem sameiginlega eru kölluð Grágás, þau elstu frá því um 1150 sem varðveist hafa, eru ákvæði um „að löghrepp skuli byggja 20 þingfarakaupsbændur hið fæsta, nema lögréttumenn veiti leyfi til annars“. (ath. Tilvitnun).

Með tíundarlögunum er hreppunum fengið það verkefni að innheimta og skipta tíundinni og sé sú skipan einstæð í sinni röð því erlendis var þetta starf í höndum kirkjunnar.

Bendir það til þess að hreppaskipanin hafi verið orðin fastmótuð þegar tíundin komst á, annars hefði ekki jafn þýðingarmiklu verkefni og fátækraframfærslan var verið falin hreppunum. Vera má að hreppar hafi haft fátækraframfærslu á sinni könnu áður en tíundarlöggjöfin var sett og þau þá tryggt þeim nýjan tekjustofn til ráðstöfunar á þessu sviði.

Þegar þeir Páll Jónsson Vídalín og Þorsteinn Sigurðsson – í stað Árna Magnússonar – skrá lýsingu jarða á Skeiðum, staddir á Ólafsvöllum 15. ágúst árið 1709, er jörðin Ólafsvellir enn skráð „Kirkjustaður og beneficium“, en um jörðina segir:

Jarðardýrleiki óviss, því engin geldst hjer tíund af heldur en öðrum beneficiis.

Ábúandinn staðarhaldarinn Sr. Gísli Erlingsson.

Landskuld 0, því presturinn nýtur staðarins frí til uppheldis sjer, so sem aðrir beneficiati.

Kirkjukúgildin eru viii. Leigukúgildi þar að auki 0, og nýtur staðarhaldarinn ávaxtanna frí og ábyrgist við öllu, so sem aðrir beneficiati.

Kvaðir alls öngvar og engin ískylda.

Kvikfje x kýr, ii kvígur veturgamlar, i naut þrevett, i tvævett, i kálfur, xlv ær, xxx sauðir tvævetrir og eldri, xxiiii veturgamlir, xxxviii lömb, vii hestar, iii hross, i únghryssa, i fyl. (188).

Hér er því stórbú á Ólafsvöllum og eftirtektarvert hve sauðaeign er mikil en beit var góð og snjólétt fram í Svínahrauni þar sem sauðahús jarðarinnar voru. En auk þess að halda staðinn „frí til uppheldis“ hafði staðarhaldarinn – presturinn – einnig leigur af hjáleigunum í kring. Eru þær furðu háar þegar Jarðabókin er skráð, 1709, og jafnar því sem margar jarðir borguðu í leigu til biskupsstólsins á þeim tíma á Skeiðum.

Ekki er vitað hvenær hjáleigurnar byggðust út úr heimajörðinni en árið 1709 eru fimm í byggð; Norðurgarður, landskuld 60 álnir; Vesturhjáleiga (Vesturkot), landskuld 60 álnir; Ólafsvellir, Minni-, landskuld 70 álnir; Norðurkot (Björnskot), landskuld ákveðin 0 þetta árið en þar býr ekkjan Rannveig Símonardóttir; Andrésfjós eður Andrésvellir, landskuld 80 álnir. Tvær hjáleigur eru komnar í eyði, Gata og Brenna.

Prestarnir virðast hafa rekið búið á staðnum fram eftir öldum og það er ekki fyrr en árið 1767 að skráður er ábúandi með prestinum (Íbúaskrá Skeiðahrepps).

Síðasti presturinn sem rak þar bú var sr. Brynjólfur Jónsson sem var með einhvern búskap frá því hann varð prestur þar árið 1886 og til ársins 1905, að Jón sonur hans, tekur við búinu.

Með lögum 27/2 1880 er Skálholtssókn lögð undir Ólafsvelli en með lögum 16/11 1907 er Ólafsvallaprestakall lagt niður og Ólafsvallasókn lögð undir Stóra-Núp. Þá fer Skálholt aftur undir Torfastaði. (Presta- og prófastatal, bls. 80, nmgr. 1).

Sr. Brynjólfur þjónaði kirkjunum báðum, Ólafsvöllum og Skálholti, alla tíð og sat Ólafsvelli allt til dauðadags 1925 þótt þeir væru ekki prestsetur lengur. Þá hafði staða kirkjujarðanna breyst þannig með lögunum 1907 að landssjóður yfirtók þær, gegn því að borga prestunum laun og byggja yfir þá. Á síðari tímum er ríkið farið að selja kirkjujarðirnar og eru Ólafsvellir nú í eigu ábúenda (Prestatal og prófasta á Íslandi, 80 (ekki er allt í þessari málsgrein fengið þaðan)).

Prestar eru þekktir á Ólafsvöllum allt frá 14. öld en frekar fyrir það hve þeir voru sterkir og miklir athafnamenn en kennimenn. Fyrstan skal telja sr. Jósef sterka Loftsson, dótturson Odds biskups en hann hefur þjónað Ólafsvöllum lengst allra presta þar, eða frá 1639-1683. Hann óð Hvítá í frosti með staf einn í hendi á leið í Skálholt Áin tók honum í geirvörtur og þótti þetta mikið afrek. Þá var Jósef einn 12 presta er vottuðu eiðstaf Ragnheiðar biskupsdóttur. Annan skal telja sr. Guðna sterka Guðmundsson prest á Ólafsvöllum 1834-1843. Hann var áður prestur í Miðdal 1817-1834 með Úthlíð sem annesíu. Hann lét byggja trébrú á Brúará.

Þriðji presturinn er sr. Stefán Stephensen, prestur á Ólafsvöllum 1865-1885 og er þekktur fyrir framkvæmdahug sinn og framkvæmdir. Hann kom fyrstur manna fram með þá hugmynd að veita Þjórsá á Skeiðin og lagði til við sýslunefnd Árnessýslu að láta kanna það. Fylgdi hann því eftir með bréfi til Búnaðarfélags Suðुरamtsins 23. apríl 1881. Þá lét hann grafa svonefnda „Prestsskurði“, annan úr Vatnsstæðunum norðan Ólafsvalla upp í Bauluósbotna og hinn úr Vatnsstæðunum eystri út í

Gráhelluskurð. Enn er talið að hann hafi látið hlaða upp svokallaða „Prestsbrú“ yfir Framnesflóðin til þess að auðvelda Ólafsvallaprestinum leiðina að Fjalli, áleiðis í Skálholt. „Prestsbrúin“ er hlaðinn garður, hefur áður verið talsvert mannvirki og stendur enn.

Fjórði presturinn sem hér skal talinn er sr. Brynjólfur Jónsson er þjónaði Ólafsvallasókn frá 1886 og til dauðadags 1925. Þá þjónaði hann einnig Skálholtssókn, eins og áður er rakið. Þótti hann sérstæður í háttum og fóru af honum margar sögur.

Í mars 2003.

J.E.

Ólafsvallakirkja

Engar heimildir eru um hvernig kirkjur voru á Ólafsvöllum fyrr á öldum en árið 1842 er rífin þar torfkirkja og reist timburkirkja í staðinn. Kirkjan var á sex stafngólfum, öll undir súð, 6 5/8 álnir á breidd og 18 álnir á lengd.

Sú kirkja entist illa því árið 1897 er reist ný kirkja á Ólafsvöllum. Kirkjan var 10x16 álnir, klædd bárujárni og á vesturenda kirkjunnar var turn með krossi efst. Þótti þetta hið veglegasta guðshús. Umsjón með byggingarframkvæmdum hafði Jón Jónsson, dannebrogismaður í Skeiðháholti, en yfirsmiður við byggingu hinnar nýju kirkju var Samúel Jónsson, faðir Guðjóns húsameistara. Hann smíðaði einnig predikunarstólinn, hurðir og glugga í kirkjuna. Meðal þeirra sem unnu að kirkjubyggingunni voru Skeiðamennirnir Þorsteinn Ásmundsson, smiður frá Andrésfjósum og Bjarni Þorsteinsson frá Reykjum.

Árin 1965-1967 fór fram yfirgripsmikil viðgerð á kirkjunni og breytingar gerðar á ytri og innri gerð hennar. Kirkjunni var lyft frá grunni og sökklar steyptir undir hana ásamt kirkjugólfi. Kór var reistur við austurenda kirkjunnar og settir breyttir gluggar með lituðu gleri. Forkirkja var lengd inn í framkirkju og skrudhús gert sunnan megin. Nýr stigi var settur til sönglofts og fleiri breytingar gerðar. Rafhitun var sett í kirkjuna.

Teikningar að breytingum þessum gerði Bjarni Pálsson, byggingarmeistari á Selfossi en framkvæmdir annaðist Guðmundur Sveinsson, húsasmíðameistari frá Ósabakka. Að breytingum loknum var kirkjan endurvígð af Sigurbirni Einarssyni, biskupi.

Kirkjuna prýðir altarismynd sem Baltasar Samper málaði haustið 1966 og þekur hún allan kórgaflinn. Gaf listamaðurinn kirkjunni myndina sem þykir fágætt listaverk. Bændur úr næsta nágrenni voru fyrirmyndir lærisveinanna og má þekkja þá suma. Listamaðurinn hreinsaði myndina og olíubar að nýju árið 1995.

Baltasar listmálari sagði líka til um nýja altarisborðið og hannaði altarisstjaka úr smíðajárni sem Hjalti Þórðarson frá Reykjum smíðaði og gaf kirkjunni. Hér er það ítrekað að kirkjugestir ganga að borði Krists þegar þeir ganga til altaris og meðtaka sakramentið. Borðið er úr eik, smíðað af Guðmundi Sveinssyni, gefið kirkjunni af börnum og tengdabörnum Krístrúnar Þorsteinsdóttur og Eiríks Jónssonar í Vorsabæ. Kirkjan á einnig gamla altaristöflu, máluð af Þorsteini Guðmundssyni árið 1850 og marga aðra góða gripi sem ekki verður rakið hér.

Hitaveita var lögð í kirkjuna árið 1986 og árið 1993 var kirkjugólfið lagt borðum. Árið 2000 var kirkjan máluð að utan, gert við glugga og sett í þá tvöfalt glært gler og árið eftir var kirkjan máluð að innan. Er nú kirkjan í góðu standi og vel búin gripum.

Í bókinni Kirkjur Íslands 2 (62) segir: „Í Ólafsvallakirkju er blandað saman byggingarstílum og -efnum með þeim afleiðingum að Húsafriðunarnefnd ríkisins álitur varðveislugildi kirkjunnar ekki standa undir því að hún sé höfð á skrá yfir friðuð hús.“

Gamli kirkjugarðurinn liggur kringum kirkjuna og eru leiðin upphlaðin en mörg þeirra eru ómerkt. Þó er til skrá yfir þekkt leiði frá 1943.

Um miðjan sjöunda áratuginn var kirkjugarðurinn stækkaður til suðurs og farið að grafa þar eftir skipulagi. Enn var garðurinn stækkaður fram árið 1998. Þá var gert bílastæði austan við kirkjugarðinn og hellulögð stétt lögð þaðan og að kirkjustéttinni. Trégirðing er í kringum kirkjugarðinn og veggur hlaðinn úr hraungrýti norðan sáluhliðsins.

Plantað hefur verið trjágróðri innan girðingarinnar, ösp og birki. Er öspin orðin hávaxin og veitir gott skjól í kirkjugarðinum. (Byggt á bókinni Kirkjur Íslands, Ólafsvallakirkja (48-75), að mestu).

(Í mars 2003, J.E.).

Ólafsvallatorfan og lýsing hennar

Bæjaþyrpingin kringum Ólafsvelli var eina þéttbýlið í Skeiðahreppi til forna og nefndist Ólafsvallahverfi. Landnámsbærinn Ólafsvellir stendur fremst þeirra bæja sem enn eru í byggð. Aðrir bæir standa í sveig austan, norðan og vestan Ólafsvalla; Andrésarfljóts austast, þá Norðurgarður, Björnskot, Minni-Ólafsvellir en Vesturkot vestast. Eru nöfn bæjanna greinilega dregin af afstöðu þeirra frá Ólafsvallabænum en önnur líklega nefnd eftir fyrstu hjáleigubændunum.

Tvær hjáleigur eru nefndar í Jarðabókinni frá 1709 en þá komnar í eyði. Eru það Gata sem lá rétt sunnan Ólafsvallabæjarins og Brenna, þar rétt vestar.

Land Ólafsvallatorfunnar liggur að sunnan að löndum Arakots, Löngumýrar og Kílhrauns, að vestan að Árhraunslandi en að norðan skilur Bauluós á milli torfunnar og Útverkaland. Að norðaustan er Vorsabæjarland en Brúnavallakots-, Hlemmiskeiðis- og Brjánsstaða- að austan.

Graslendi Ólafsvallatorfunnar er mikið og gott og engjar voru miklar og víða um torfuna. Skeiðaáveitan náði til 542 ha lands og jók mjög grasvöxt þegar hún komst í gagnið 1923. Sérstaklega voru Ólafsvallakrókar nafntogaðir fyrir mikla sprettu. Þá var mikið af engjunum sléttar og véltækar dælar.

Þurrlendi til ræktunar er víða og sunnan bæjanna er víðáttumikið heiðarland þar sem nú eru stór tún og kornakrar. Þá hefur land verið þurrkað upp til túnræktar og vísast til lýsingar jarðanna.

Þjórásárhraunið liggur undir allri Ólafsvallatorfunni, nema efst meðfram Bauluósi. Hraunið kemur upp norður af bæjunum. Heitir þar Gráhelluhraun og nær yfir í Vorsabæjarland. Hraunið er vel gróið og beit er þar góð.

Merkurhraunið nær yfir mikið land syðst og meðfram Árhraunslandi að vestan. Hraunið er vaxið mosa og lyngi og þótti rýrt til beitar. Þó eru þar gróðursælar lautir og bollar innan um.

Mest allt Ólafsvallatorfunnar fer undir vatn í stórflóðum og standa bæirnir á hólum eða hæðum sem staðið hafa upp úr öllum stórflóðum. Fjárhúsin stóðu áður fyrr á hólum í úthögum en það dugði ekki til í stórflóðinu 1930 (sjá stórflóðin í Hvítá).

Lýsing jarðarinnar Ólafsvellir

Ólafsvellir hafa allt frá landnámi verið í tölu höfðuðbóla á Suðurlandi sökum landstærðar, graslendis og hins nafntogaða engjastykkis, Ólafsvallakróka en engjar voru líka í Löngudæl, suður í landinu. Í Ólafsvallakrókum brást varla gras, meðal

annars sökum þess að Hvítá bar á landið og eftir að áveitan komst á brást grasvöxtur ekki. Voru dæmi til þess áður fyrr að afburða sláttumenn slægju þar 40 hesta á dag. (Jón Guðmundsson, Sunnlenskar byggðir 1, 469.).

Ólafsvallakrókar eru að mestu rennisléttir og véltækir og þar var heyjað mikið. Í grasleysisárum sóttu bændur úr sveitinni heyskap þangað, svo sem Blesastaðabændur kalárið 1951 og bændur komu þar til heyskapar úr öðrum sveitum langan veg. En Krókarnir voru blautir í rigningartíð og heybandsvegur langur og erfiður.

Suður af bænum er víðáttumikið heiðarland, Heiðin, gott ræktarnarland og grjótlaut að mestu. eru þar nú mikil tún og kornakrar Ólafsvallabændanna.

Beit þótti rýr í Merkurhrauni áður fyrr en hefur þó verið nýtt, því syðst í rhauninu þar sem heitir Svínahraun eru miklar húsarústir. Munu það hafa verið sauðahús en þar hefur verið mikið undanfæri og snjólétt fyrir sauðina að bjarga sér. Svínahraunið stóð líka upp úr stórflóðunum. Síðastur presta sem þar hafði sauði mun hafa verið sr. Stefán Stephensen prestur á Ólafsvöllum 1865-1885.

Um helmingur Ólafsvallatorfunnar tilheyrir nú Ólafsvöllum. Þegar þeir Páll Jónsson Vídalín og Þorsteinn Sigurðsson skrá lýsingu jarða á Skeiðum árið 1709 í Jarðabókina svonefndu, staddir á Ólafsvöllu 15. ágúst, er þar stórbúi. Þá eru þar 10 kýr, 2 kvígur veturgamlar, 1 naut þrevett og 1 tvævett, 1 kálfur, 45 ær, 30 sauðir veturgamlir og eldri og 34 veturgamlir, 38 lömb, 7 hestar, 3 hross (hryssur), 1 unghryssa og 1 fyl. Um kosti og ókosti jarðarinnar segir:

Afrjettur ut supra [eins og venja er].

Torfrista og stúnga sendin, lök og lítt nýtandi.

Móskurður til eldiviðar hefur að fornu verið, brúkast ei.

[...]

Enginu grandar Hvítá með grjóts- og sands áburði.

Ekki er kvikfje óhætt á vetur fyrir Hvítá, þegar ísalög eru mikil og bráðahlákur koma þar á ofan, hleypur þá áin yfir hagann og hefur stundum að því mein orðið, þegar fjeð hefur verið á þeim parti hagans sem áin gengur yfir.

Vatnsból, sem staðurinn hefur áður brúkað, er þrotið fyrir mörgum árum, og síðan gjörður nýr brunnur, sem þrýtur bæði sumar og vetur, og er þá sókt neytsluvatn og brynt kvikfje í Liltu Ólafsvallna brunni, sem er hjáleiga hjer við heimatúnið. (188).

Heimaland jarðarinnar er nú um 160 ha og liggur að heiman meðfram landi Norðurgarðs í Grágæsarhól, að löndum Hlemmiskeiðis og Brjánsstaða en fylgir svo Ólafsvallavegi heim. Þá fylgir jörðinni landsspilda sunnan Ólafsvallavegar, meðfram löndum Arakots og Löngumýrar, að Ólafsvallalandi en Norðurgarðs að norðan. Enn fylgir jörðinni hlutur í óskiptu landi í Merkurhrauni.

Engjarnar voru Andrésfjósateigurinn, austast í landinu, rennislétt áveituland en mosavaxið og blautt, slegið annað hvert árið. Hitt árið voru engjarnar nær bænum slegnar og þýft land að hluta. Stundum var slegið í Ólafsvallakrókunum.

Ræktunarland er mikið og gott, túnin liggja nú austur af bænum, Hænsnariminn er nú allur tún og túnspildur um kílómeter á lengd meðfram Götudælunum til vesturs, sunnan Ólafsvallavegar.

Í Jarðabókinni frá 1709 er jörðin nefnd Andrésfjós eða Andrésvöllur og er lýst svo:

Fimta hjáleiga, í eyði nú í næstu 7 ár. Bygð í fyrstu við heimatúnið fyrir manna minni.

Landskuld var lxxx álnir seinast, áður tíutíu álnir í landaurum ut supra.

Kúgildi iii síðast, áður iiii. Leigur í smjöri ut supra.

Kvöð dagsláttur ut supra.

Fóðrast kunni iiii kýr, xii ær, viii lömb, ii hestar.

Þessa grasnyt brúkar heimastaðurinn og er honum áður talinn.

Aftur má hér byggja, þó ekki nema til rýrðar heimastaðnum. (190).

Lýsing jarðarinnar Norðurgarður

Nafn bæjarins er greinilega dregið af afstöðunni frá Ólafsvöllum. Heimaland jarðarinnar liggur nú nokkurn veginn heiman frá bænum milli landa Björnskots og Andrésfjósá, annars vegar meðfram landi Björnskots að vestan í Litlu-Gráhellu, og hinsvegar meðfram landi Andrésfjósá að austan í Grágæsarhól.

Þá fylgir jörðinni um 30 ha landsspilda vestan Ólafsvallavegar, óregluleg í laginu og liggur að Andrésfjósalandi að sunnan en Ólafsvallalandi að norðan og vestan. Landsspildan er þurrlendi og nú mestöll tún. Önnur ræktun á síðari tímum er upp af heimatúninu, framræst land, blautt en grasgefið.

Enn á jörðin ítak í óskiptu landi suður í Merkurhrauni. Engjarnar voru áður Teigurinn austast í landinu, slétt áveituland, en mosavaxið og blautt. Þá voru slegnar dælar og rimar utan með Gráhelluhrauni og landið nær bænum, þýft en grasgefið.

Beit þótt góð í Gráhelluhrauni fyrir kýr og kindur, og svo er enn.

Fjárhús var lengi í Hólshúsi, upp af bænum. Þar var fé hætt í flóðum og í stórflóðinu 1930 fórust þar 40 ær (sjá stórflóðin í Hvítá).

Í Jarðabókinni 1709 er jörðinni lýst þannig:

Hjáleiga, byggð fyrir manna minni við heimatúnið.

Ábúandinn Ófeigur Þórðarson.

Landskuld lx álnir [hálftr kýrverð], áður hjer um fyrir vel 20 árum i c, síðan smámínkað.

Betalast í landaurum heiim til staðarins.

Leigukúgildi iii, áður vi, og so smáfækkað. Leigur í smjöri heim til staðarins.

Kvaðir 0, nema dagsláttur, sem geldst in natura.

Kvikfje v kýr, i kvíga að fyrsta kálfi, x ær, iiii sauðir veturgamlir, x lömb, i hestur, i hross með fyli.

[...]

Kostir og ókostir sem segir um heimajörðina. (189).

Lýsing jarðarinnar Björnskot

Í Jarðabókinni frá 1709 er bærinn nefndur Norðurkot.

Heimaland jarðarinnar var bæði lítið og lélegt eða mýrin upp frá bænum, bæði þýft og blaut, slægju- og beituland. Þá fylgdi jörðinni svonefndir Björnskotskrókar, efst í Ólafsvallakrökum, áveituspilda, slétt og gott slægjuland. Beituland átti jörðin frá Prestsskurði og að Litlu-Gráhellu og þaðan meðfram Norðurgarðslandi í stefnuna á bæinn, um það bil.

Enn á jörðin ítak í óskiptu landi suður í Merkurhrauni. Þegar landi Minni-Ólafsvalla var skipt upp árið 1986, fékk Björnskotið landsspildu, 57 ha að stærð suður af Minnivallastekk, vestast í landinu, þurrhent heiðarland og er nú um helmingur þess orðinn að túni.

Sauðahús voru áður suður í Heiði, svonefnd Björnshús, sjá örnefnaskrá.

Í Jarðabókinni frá 1709 er jörðinni lýst þannig:

Fjórdá hjáleiga, byggð við heimatúnið fyrir manna minni.

Ábúandi ekkjan Rannveig Símonardóttir.

Landskuld 0 ákveðin þetta ár, áður lx álnir, fyrir 10 árum lxxii álnir í landaurum ut supra.

Leigukúgildi ij, fyrir 2 árum ii. Leigur ut supra.

Kvaðir öngvar, áður dagsláttur ut supra.

Kvikfje iii kýr, i naut þrevett, i kvíga tvævetur geld, vi ær, ii sauðir veturgamlir, vi lömb, i hestur, i hross.

[...]

Kostir og ókostir ut supra á heimastaðnum. (190).

Lýsing jarðarinnar Minni-Ólafsvellir

Jörðin var kotbýli, heimalandið túnskiki og mýrarhorn, en svo lá landspilda vestur og klauf Vesturkotsland.

Engjarnar voru vestur við Árhraunsmörkin, þýfðar og blautar en spruttu vel.

Þá átti jörðin litla engjaskák úti á Ólafsvallakrókum, gott áveituland.

Þegar ábúendaskipti urðu á jörðinni árið 1986 mælti hreppsnefnd með því við Landbúnaðarráðuneytið, að landi jarðarinnar yrði skipt milli nágrannajarðanna, Björnskots og Vesturkots og yrði jörðin smábýli. Var þetta gert og naut Norðurgarður líka góðs af.

Íbúðarhúsið er nú leigt út og notað sem sumarhús og fylgir því túnskikinn, um 5 ha.

Bærinn stendur á hól og stenur ekki annað upp úr flóðum en bæjarhóllinn.

Fjánhús og hesthús stóðu áður á Minnivallastekk, vestast í landinu. Þar missti Ketill Jónsson, bóndi á Minni-Ólafsvöllum 1920-1942, hross í stórflóðinu 1930 og Stefán sonur hans, þá lausamaður, missti 18 ær (sjá stórflóðin í Hvítá).

Í Jarðabókinni frá 1709 er jörðin nefnd „Ólafsveller Minne“ og er lýst þannig:

Þriðja hjáleiga, bygð við heimatúnið fyrir manna minni.

Ábúandi Grímur Gíslason.

Landskuld lxx álnir, áður inn til næstliðins árs lxxx. Betalast í landaurum ut supra.

Leigukúgildi ii. Áður iii, áður ii. Leigur í smjöri ut supra.

Kvaðir sem áður segir um hinar hjáleigurnar.

Kvikfje v kýr, i kvíga að fyrsta kálfi, i naut þrevett, i kálfur, xx ær, ii sauðir tvævetrir og eldri, vii veturgamlir, xvi lömb, i hestur, iii hross, i únghryssa.

[...]

Kostir og ókostir sem á heimastaðinum, nema Vatnsból þrýtur hjer ekki. (189).

Lýsing jarðarinnar Vesturkot

Jörðinni fylgdi áður landið sunnan, vestan og norðan bæjarins, en eftir að landi Minni-Ólafsvalla árið 1986, á jörðin allt land vestur að Árhraunsmörkunum og upp að Hverfissskurði.

Engjar voru áður í Kringlumýrinni vestur af bænum, smáþýfð mýri og áveituland, en sléttar dælar innan um. Stundum var slegið kringum grafirnar síðsumars, þýft land og stundum voru grafirnar sjálfar slegnar en þær voru kafloðnar (Gyða Sveinbjörnsdóttir frá Vesturkoti, f. 1937). Heyjað var í Brennudælunum sem eru stórt mýrarstykki með sléttum dælum en rimum og flóðkílum á milli. Heyjað var í Brennudælunum sem eru stórt mýrarstykki með sléttum dælum en rimum og flóðkílum á milli. Áveitan náði þó ekki til dælanna og var því sprettan oft rýr en þar sem dælarnar voru véltækar voru þær oftast slegnar. Þá fylgdi jörðinni engjastykki upp við Bauluós, vestan við Prestsskurðinn, slétt land og þurrt.

Ræktað land var mikið og gott, þurrir móar vestan og sunnan bæjarins og er nú tún. Sveinbjörn Kristjánsson kom að Vesturkoti 1943 „og pabbi fékk snemma ýtu til þess að slétta túnið sem var stórþýft og móana suður og vestur af bænum sem voru einnig stórþýfðir. Þá man ég eftir að hann tók upp mó fyrstu tvö árin vestur í engjum.“ (G.Sv.).

Í Jarðabókinni 1709 er býlið nefnt Vesturhjáleiga og lýsir nafnið afstöðunni frá heimajörðinni, Ólafsvöllum, en svo er jörðinni lýst þannig:

Önnur hjáleiga, byggð við heimatúnið fyrir manna minni.

Ábúandinn Egill Jónsson.

Landskuld xl álnir nú og næstliðið ár, áður lx álnir. Geldst í landaurum heim til staðarins.

Kúgildi ii. Leigur í smjöri ut supra. Áður voru fyrir 13 á 14 árum kúgildi iii.

Kvaðir dagsláttur ut supra á Norðurgarði.

Kvikfje iii kýr, i kvíga að fyrsta kálfi, i naut tvævett, i veturgamalt, xvi ær, iiii sauðir tvævetrir og eldri, vi veturgamlir, xii lömb, i hestur, i hross.

[...]

Kostir og ókostir sem á heimastaðnum. (189).

Hjáleigur komnar í eyði

Í Jarðabókinni frá 1709 er getið um tvær hjáleigur sem þá eru komnar í eyði.

Hjáleigan Gata

Bærinn hefur staðið á bala um 200 metra suður af bænum á Ólafsvöllum og við Mjóudælina að sunnan. Þar voru áður fjárhús Ólafsvallabóndans og Jón Brynjólfsson, bóndi á Ólafsvöllum, sundreið Mjóudæl í stórflóðinu 1930 til þess að bjarga fé sínu.

Nú eru þar hesthús og hlaða og urðu bændur varir við hleðslu þegar grafið var fyrir húsum. Og enn minnir þessi forna hjáleiga á sig þar sem eru Götudælar og Götudælarhóll.

Jörðinni er lýst þannig í Jarðabókinni:

Sjötta hjáleiga, í eyði næstu 2 ár, bygð fyrir manna minni skammt frá heimatúninu.

Landskuld var lx álnir í landaurum.

Kúgildi iii. Leigur í smjöri ut supra.

Kvaðir ut supra.

Fóðrast kunni iii kýr, vi ær, vi lömb, ii hestar.

Þetta gras brúkar og heimastaðurinn, og er áður talið honum.

Aftur má hjer byggja ef fólk til fengist. (190).

Hjáleigan Brenna

Bærinn hefur staðið um 200 metra vestur af Ólafsvallabænum og í jaðri Vesturkotstúnsins. Engin merki sjást nú bæjarins, annað en smá hólbarð. En þessi forna hjáleiga minnir á sig, þar sem eru Brennudælar þar suður af en önnur örnefni þekkjast ekki sem tengjast þessari fornu hjáleigu.

Jörðinni er lýst þannig í Jarðabókinni:

Sjöunda hjáleiga, í eyði næstu 3 ár. Bygð í fyrstu fyrir manna minni við heimatúnið.

Landskuld lx álnir í landaurum.

Kúgildi iii. Leigur ut supra.

Kvöð dagsláttur ut supra.

Fóðrast kunni ii kýr, i úngneyti, vi ær, vi lömb, i hestur.

Þessa hjáleigu brúkar heimastaðurinn og er honum áður reiknuð.

Aftur má hjer ekki byggja fyrr heyskaparleysi. (190-1).

Athyglisvert er hve landskuldin af hjáleigunum [sem þær] hafa borgað til heimastaðarins (prestsins) eru háar. Mest borgar „Andresfiós eður Andresvöllur“, 80 álnir, „Ólafsveller Minne“, 70 álnir, og „Nordurgardur“ og „Vesturhiáleiga“, 60 álnir.

Jafnvel hjáleigurnar sem komnar eru í eyði og voru kotjarðir hafa borgað háa landskuld, eða 60 álnir. En ekkjan situr á „Nordurkoti“ (Björnskoti) leigulaust, sjálfsagt í gustukaskyni.

Til samanburðar má benda á að landskuldin til Biskupsstólsins í Skálholti af góðjörðunum Birnustöðum og Álfstöðum er 120 álnir (kýrverð á þeim tíma).

22/4 2003.

J.E.

Skrá yfir örnefni Ólafsvallatorfunnar og lýsing þeirra

Kort 1

Fyrst er lýst landinu ofan Hverfissskurðar og byrjað efst. Þá er farið austur og hringurinn vestur úr.

Bauluós (1). Ósinn kemur undan Gráhelluhrauni, rennur í Hvítá og skilur að lönd Ólafsvallatorfunnar og Útverka. Ósinn er forar- og leirdammur, breiður á köflum og ófær mönnum og skepnum frá upptökum til ósa. Nú hefur Kjartan Georgsson, bóndi á Ólafsvöllum, fundið gott vað á Ósnum, þar sem heitir Teitsvík. Silungur er í ósnum. Gott vað var á ósnum við ármynnið fram til um 1935. „Sagnir tvær eru til nafngiftarinnar [á ósnum]. Kýr á að hafa lagt í ósinn og farist þar. Sú er sögn önnur, að nykur á að vera í ósnum og er nafnið dregið af hljóðum hans. Saga er þar um að hann eigi að skipta um verustað, og vera eitt ár í Úlfsvatni í Vörðufelli, eitt ár í Hvítá og það þriðja í Bauluósi. Gengur þetta á víxl.“ (Hinrik A. Þórðarson, Örnefnaskrá Útverka, 4).

Þverós (2). Stuttur ós og skilur að lönd Ólafsvallatorfunnar og Árhrauns. Ósinn er gróðurlaus leirdammur.

Þverósmýri (3). Smápýfð mýri austan við ósinn og liggur að Ólafsvallakrókum.

Ólafsvallakrókar (4). Samheiti yfir hið mikla og nafntogaða engjaland efst í Ólafsvallalandi og nær að Bauluósi, í daglegu tali kallað **Krókarnir** (5).

Ólafsvallakrókar voru áður stærsta samfellda engjaland á Skeiðum, með stórum rennisléttum dælum og véltækum. Þar brást sjaldan gras áður fyrr, meðal annars sökum þess að Hvítá bar á landið í flóðum. Voru dæmi til þess að afburða

sláttumenn slægju þar 40 hesta á dag (Jón Guðmundsson, Sunnlenskar byggðir 1, 469).

Grasvöxtur jókst og varð öruggari eftir að Skeiðaáveitan komst á vorið 1923. Ólafsvallakrókar voru aðal engjaland Ólafsvallabænda en þar áttu einnig Minni-Ólafsvellir og Björnskot smá ítök en Vesturkot stærra. Bændur á Skeiðum sóttu þangað heyskap í grasleysis- og kalárum, svo sem Blesastaðabændur sem björguðu sér kalárið 1951 með heyskap þar. Þá komu þangað bændur úr öðrum sveitum um langan veg. Engjaheyskapur var aflagður um og upp úr 1950 og nú hafa Ólafsvallakrókar verið ræstir fram og landið þornað.

Breiðadæl (6). Rennislétt dæl, ein af þremur stærstu dælunum á Ólafsvallakrókum og gott engjaland.

Stóradæl (7). Stærsta samfellda sléttan á Ólafsvallakrókum og liggur austan Breiðadælar. Dælin er rennislétt og var mikið og gott engjaland áður fyrir.

Stórikrókur (8). Liggur að Bauluósi efst, áður engjaland og sléttur að mestu.

Leirvík (9). Víkin liggur inn í landið úr Bauluósi.

Þverskurðurinn (10). Svo er hér nefndur þurrkskurður, grafinn 1970.

Staðarstekkur (11). Lítill og lágur hóll með grjóti efst. Engar sjást þar tóftir en nafnið bendir til þess að þar hafi verið stekkur Ólafsvallabóndans. Engar heimildir eru um nafnið.

Teigurinn (12). Þriðja stærsta engjastykkið á Ólafsvallakrókum og það austasta, sléttur og grösugur.

Vatnsstæðin, Vestri- (13). Þar er skál í landinu, áður forardammur, en börð stóðu upp úr. Þar verpti álft og fleiri fuglar og á áveitutímanum var þar mikið kríuvarp. Enn verpir þar kría en börðin eru orðin valllendi eftir að landið þornaði.

Prestsskurðurinn (14) svonefndi liggur úr Vatnsstæðunum norður í Bauluósbotna. Sr. Stefán Stephensen, prestur á Ólafsvöllum 1865-1885, lét grafa skurðinn til þess að veita vatni af landinu. Nú hefur Prestsskurðurinn verið grafinn upp og Vatnsstæðin gróíð upp.

Björnskotskrókar (15). Engjaland Björnskotsbóndans liggur norðan Teigsins að Bauluósi, sléttar dælar og véltækar.

Hverfisskurður (16). Svo nefnist áveituskurðurinn gamli, einn af aðalskurðum áveitunnar, grafinn 1919. Skurðurinn liggur yfir löndin frá austri til vesturs og út í Bauluós. Úr honum var veitt vatni á engjarnar fyrir ofan og austan, nú þurrkskurður.

Flóðgarðar (17). Flóðgarðar lágu meðfram Bauluósunum, hlaðnir á áveitutímanum af bændum. Víðar voru hlaðnir flóðgarðar sem ekki er rakið hér, enda bera þeir ekki nöfn.

Teitsvik (18). Vik inn úr Bauluósi. Þar drukknaði Teigur Torfason (ráðsmaður í Skálholti) fjórðadags kvöld jóla 1669. (Safn til sögu Íslands, IV bindi, 134).

Ósabtönnar (19). Þar eru upptök Bauluóss og liggja kvíslar úr honum inn í landið. Þær eru nú grónar og vaxnar gulstör en valllendi er á bökkum.

Stóra-Gráhella (20). Gríðarstór hraunhella upp á rönd, um 3 metrar á hæð með grænni þúfu efst. Sögn er um að þar hafi verpt örn í eina tíð. Hellan er hornmark jarðanna Útverka, Miðbýlis, Vorsabæjar og Björnskots.

Litla-Gráhella (21). Sívalur stakur klettur um mannhæðarhár með grænni þúfu efst. Kletturinn eða hellan stendur fast við Vorsabæjarmörkin og er millimark Björnskots og Norðurgarðs.

Gráhelluhraun (22). Þar er syðsti hluti hraunsins sem er aðallega í Vorsabæjarlandi. Upp úr hrauninu standa stakir klettar og hraundrangar en það er gróið að mestu, víða fallegar gróðurlautir og þótti gott beitiland fyrir kýr og kindur. Hraunið er svo til allt í Norðurgarðslandi. Önnur örnefni í Norðurgarðslandi eru:

Kirkjugötur (23). Hin forna leið fólksins í Vorsabæ, á Birnustöðum og Álfstöðum til kirkju. (Útverk, Miðbýli, Fjall, Framnes og Ósabatki áttu kirkjusókn að Skálholti til 1930). Þessa leið hafa bændur að líkindum farið til forna í verslunarferðum til Eyra (Eyrarbakka) meðan hesturinn var eingöngu til reiðar og burðar. Þetta hefur breyst þegar vagnaöld hófst upp úr aldamótunum, því göturnar voru ekki vagnfærar en þær sjást þó enn í hrauninu. Einnig sjást göturnar áleiðis að Útverkum.

Klofsteinar (24) eru fremst í hrauninu. Eru það þrjár allstórar hraunhellur og liggja í röð en klof á milli þeirra. Um 300 metrum ofar og vestar liggja nokkrir klettar saman, tveir stærstir, um mannhæðarháir, hallast hver að öðrum en sprungur eru á milli þeirra. Vera má að þeir heiti líka Klofsteinar.

Beljubali (25). Lítil þurrkskurður og liggur í vinkel út í Gráhelluskurð. Sagt er að sr. Stefán Stephensen hafi látið grafa skurðinn en nafnið er dregið af því að þar drapst kýr frá Norðurgarði og er því síðari tíma nafn. (Sævar Eiríksson).

Seiðishóll (26). Áður stór, gróinn grjóthóll en nú mjög blásinn og hefur lækkað mikið. Í hólinn liggja mörk jarðanna Vorsabæjar, Syðri-Brúnavalla og Brúnavallakots og hóllinn er millimark við Norðurgarð. Engar sögur fara um uppruna nafnsins en það bendir til að þar hafi seiðkona haldið sig, fjarri alfaravega, áður fyrr.

Hraunkompur (27). Kompur með rimum á milli, fremst í hrauninu og slægjuland áður.

Hrossaskjól (28). Allstór hól með hraundröngum, gott hrossaskjól og stóð upp úr flóðum.

Flóðgarður, Fremri- (29). Flóðgarðurinn lá frá bænum í Norðurgarði alla leið upp í mörk. Gengið var eftir garðinum, þegar gengið var á húsinn í Húshóli og stóð hann lengi upp úr flóðum (S.E.).

Húshóll (30). Þar stóðu fjárhús og hesthús með hlöðu á hól og voru í notkun fram yfir 1980. Hleðslur standa þar enn að mestu. Fjárhúsin hafa verið um 8x10 m að innanmáli með tvennum görðum og hlaða þvert fyrir vesturenda þess um 5x9 m að innanmáli. Þar hafa verið hús Norðurgarðsbóndans frá fornu fari en húsum var hætt í stórflóðum. Í stórflóðinu 1930 drukknuðu þar 43 ær frá Valdimar Jónssyni bónda (1906-1946) en mörgu fé var bjargað (sjá stórflóðin í Hvítá).

Ærhúshóll (31). Allstór hól áður en var ýtt út þegar landið í kring var tekið til ræktunar og er nú bali í [...].

Græniblettur (32) er þar ofar og upp undir Hverfisskurði. Mjög grasgefið slægjuland, eins og nefnið bendir til en er nú orðinn að túni.

Grænaskjól (33). Áður stór og grösugur hól en var ýtt út um 1980 og er nú bali efst í túninu.

Hólmateigur (34). Þetta er vesturendi teigsins sem liggur í Syðri-Brúnavalla- og Brúnavallakotslöndum. Þar eru sléttar dælar með rimahólmum á milli, eins og nafnið lýsir, kringlóttum eða ílöngum og þótti gott engjaland áður fyrr.

Seigla (35) heitir dæl ofan við Vatnsstæðin en enginn þekkir hana í dag. Nafnið bendir til þess að þar hafi þótt harðslægt (J.E.).

Grágæsarhóll (36). Lítil og lágur grjóthóll, enda blásinn að norðan, með grænni þúfu efst. Hóllinn er hornmark fjögurra jarða, Norðurgarðs, Andrésfjósa, Hlemmiskeiðis og Brúnavallakots. Mörkin milli Norðurgarðs og Andrésfjósa liggja úr hólnum heim að bæjunum og er nú komið að örnefnum í Andrésfjósalandi.

Andrésfjósateigur (37) eða **Teigurinn** (38) í daglegu tali. Rennislétt engjaland en mosavaxið og blautt og skiptist milli jarðanna Andrésfjósa og Norðurgarðs. Í Norðurgarði, þar sem landið liggur hærra, hafa Teigarnir verið ræstir fram og eru nú tún næst bænum.

Vatnsstæðin, Eystri- (39). Þar er mikil skál í landinu, forarflóð áður og gróðurlaust. Sr. Stefán Stephensen prestur og bóndi á Ólafsvöllum í 20 ár, 1865-1885, lét grafa

skurð úr Vatnsstæðunum upp í Gráhelluskurðinn. Kom þá silungur úr skurðinum í flóðið. Þornuðu Vatnsstæðin þá að mestu. Síðar, eða upp úr 1960, var grafinn annar skurður úr Vatnsstæðunum og fram í Hvefisskurðinn og eru þau nú uppgróin að mestu. Prestsskurðurinn svonefndi liggur yfir lönd Brúnavallakots og Vorsabæjar og kemur því ekki á örnefnaskrá hér.

Tanginn (40). Hann liggur inn í Vatnsstæðin að austan og er bæði eggsléttur og grasgefinn. Landið tilheyrir Andrésfjósum en Hlemmiskeiðisbændur fengu það oftast til slægna. Er þá komið í Andrésfjósangjarnar sem liggja sunnan Hvefisskurðar.

Boladæl (41). Það er skottið á dælinni sem nær úr Hlemmiskeiðislandi inn í land Andrésfjósar og er hún allstór og slétt. Hlemmiskeiðisbændur fengu dælina oftast til slægna.

Heydælarþúfa (42). Lítil þúfa og stendur á háum móa. Í þúfunum liggja mörk jarðanna Hlemmiskeiðis og Brjánsstaða og er hún millimark Andrésfjósar við þessar jarðir.

Mjóarófa (43). Örmjó dæl er liggur yfir mörkin úr Andrésfjósalandi, rétt sunnan við Heydælarþúfunum og upp í Hlemmiskeiðisland. Eitthvað var um að dælin væri slegin.

Básadæl (44) er efst í Andrésfjósangjunum, smádæl með rima í miðjunni (básinn). Slétt dæl en sjaldan slegin, enda forblaut.

Holudæl (45) er þar rétt vestar. Lítil dæl og holótt og sjaldan slegin áður fyrr.

Stekkjardæl (46). Allstór, slétt dæl, grasgefin og slegin á hverju ári.

Stekkjarghóll (47). Allstór og vel gróinn hóll, nú í jaðri túnsins á Hænsnarima.

Stekkurinn (48). Garðbrot er kringum Stekkjarghólinn sem bendir til þess að þar hafi verið stekkur.

Stöðulmýri (49). Þýfð mýri og er enn. Slegin áður fyrr.

Hólar (50). Þeir eru þrír í röð í mýrinni. Er sá austasti stærstur og samhangandi öðrum hól. Hólarnir eru þýfðir með heiðargróðri en þar sjást engar tóftir.

Grafir (51). Gamlar mógrafir eru þar á nokkru svæði upp af hólunum, nú uppgrónar.

Grafardæl (52). Dælin á upptök sín í Stöðulmýrinni og liggur milli bæjanna Andrésfjósar og Norðurgarðs norðan Ólafsvalla en sunnan við Minni-Ólafsvelli og liggur þaðan til vesturs norðan við Vesturkot. Dælin liggur svo meðfram Kringlumýrinni í Vesturkotslandi, yfir í Árhraunsland og endar í Hvítá.

Dælin er mjó og gróðurlítill og var ekki slegin en breikkaði þegar kom í Árhraunsland og var þar góð engjastægja. Dælin er greinilega gamall vatnsfarvegur og er enn óspillt að mestu.

Hænsnarimi (53) liggur inni í Andrésfjósangjunum. Hann var áður stórþýfður mói með mosapýfi en er allur orðinn að sléttu túni. Riminn náði og nær alla leið upp í Hlemmiskeiðis- og Brjánsstaðaland og lá kirkjuleiðin frá Hlemmiskeiði sunnan við Heydælapúfuna og eftir rímanum miðjum.

Stórasund (54). Breitt sund með mýrargróðri, áveituland áður, þýft en greiðfær orfaslægja. Stórasund er greinilega gamall vatns- eða árfarvegur og á upptök sín í Hlemmiskeiðislandi. Yfir Brjánsstaðaland heitir Sunddæl en Mjóadæl sunnan Ólafsvalla og liggur í Grafardælina.

Hrossateigur (55). Þar hefur hrossum Andrésfjósabónda verið beitt, eins og nafnið lýsir, og svo er enn. Nú er teigurinn næst Ólafsvallavegi kominn í tún.

Þjóðleiðin forna (56). Hún lá yfir Andrésfjósaland fremst en er nú horfin í tún. Sjá þáttinn Fornar leiðir og nýjar.

Ólafsvallavegur (57). Vegurinn liggur yfir og meðfram Andrésfjósalandi, Norðurgarðs og Ólafsvalla, lagður upp úr 1928. Sjá þáttinn Fornar leiðir og nýjar.

Stelpuþúfa (58). Er nú komið vestan Ólafsvallavegar og var þar Stelpuþúfa, rétt vestan vegarins, en nú horfin í tún. Þúfan var hornmark Brjánsstaða og Arakots og millimark við Andrésfjós.

Götudælar (59). Smáþýfðar dælar og liggja meðfram Arakotslandi en milli þeirra eru rímar. Ofan dælanna var stórþýfður mói sem er nú tún Andrésfjósabóndans. Um móann lá áður þjóðleiðin forna. Dælarnar eru kenndar við eyðibýlið Götu.

Götudælarhóll (60). Þetta var stór og gróinn hóll og lá Þjóðleiðin forna rétt fyrir norðan hólinn. Gamla tóftir voru í hólnum en honum var ýtt út og er nú bali í túninu.

Gjár (61). Í túninu ofan Götudælanna mynduðust gjár í jarðskjálftunum 1896 en fyllt var í þær, enda hættulegar skepnum. Aftur komu þar jarðsprungur í jarðskjálftunum 2000.

Koppadælar (62). Tvær dælar, aðskildar með ríma á milli og liggja inni í túni Norðurgarðs og að Ólafsvallavegi en eru enn óhreyfðar. Dælarnar eru sléttar, en nafn þeirra er dregið af því að í þeim er fjöldi lítilla pytta, tæplega hnédjúpra og varla stærri en vatnsfata. (Þorsteinn Eiríksson, Örnefnaskrá).

Tíðahóll (63). (Kort J.E.). Smáhóll, ílangur, í hásuður frá Ólafsvöllum og rétt austan við heimreiðina fornu og nú ræktunarveginum.

Ólafsvallabrautin forna (64). Hin forna reiðleið í Ólafsvallahverfi og líklega bænda af upp-Skeiðum til verslunarferða á Eyrar til forna. Bílar munu hafa farið brautina, þar til Ólafsvallavegur komst í gagnið á fjórða áratugnum.

Hansahús (65). Þar byggði Hans Ögmundsson, bóndi á Ólafsvöllum 1862-1863, fjárhús, að sagt er. Húsin stóðu á lágum hóli og standa tóftirnar enn. Þar var leiksvæði barnanna á Ólafsvöllum.

Gata (66). Fornt eyðibýli, sjá lýsingu Jarðabókarinnar. Bæjarhúsin hafa staðið á balanum rétt suður af Ólafsvallabænum við Mjóudæl en þar voru áður fjárhús Ólafsvallabóndans, nú hesthús og hlað. Þar var vart við hleðslur þegar grafið var fyrir húsunum.

Mjóadæl (67) (Br. J. og Þ.Bj. en heimamenn þekkja ekki nafnið). Dælin tekur við af Stórasundi í Andrésfjósalandi, greinilega forn vatnsfarvegur, og liggur sunnan bæjarins á Ólafsvöllum, milli hans og hinnar fornu Götu, þá sunnan Vesturkots en sameinast Grafardælinni við Minnivallastekk. Dælin er löng og mjó, djúp og gróðurlítil en vestast er sandur í botninum. Eitthvað mun hafa verið slegið [...].

Brenna (68). Fornt eyðibýli, sjá lýsingu Jarðabókarinnar. Bæjarhúsin munu hafa staðið um 200 m vestur af bænum á Ólafsvöllum og er nú austast í Vesturkotstúninu. Engin merki húsarústa sjást þó í landinu.

Hjálp (69). Forardæl vestan við heimatúnið á Ólafsvöllum. Þar var áður vatnsból fyrir skepnur og dregur líklega nafn sitt af því. Dælin hefur þornað en stendur enn.

Stöðulmýrin (70) í Björnskotslandi liggur norðan bæjarins. Mýrin er smáþýfð en mun hafa verið slegin áður en er nú komin í tún næst bænum.

Stöðullinn (71). Hann mun hafa staðið rétt norður af bænum þar sem nú er minkahús, á bala.

Torfdæl (72). (Kort J.E.). Dælin mun vera vestur af bænum en enginn þekkir hana lengur.

Björnskotsmýri (73). Mýrin liggur upp af bænum, smáþýfð en mun hafa verið slegin.

Björnskotsdæl (74). Dælin liggur meðfram Hverfissskurðinum að sunnan, slétt dæl og slægjaland áður.

Engjagatan (75) lá frá Ólafsvöllum og út á Ólafsvallakrókana.

Krókadæl (76). Dælin er löng og mjó og liggur í mörgum krókum, eins og nafnið lýsir, en slétt. Dælin liggur undir Ólafsvöllum og var stundum slegin, enda slétt og grasgefin.

Kringlumýri (77). Mýrin var smáþýfð en litlar dælar innan um véltækar. Mýrin var engjaland Vesturkotsbóndans áður fyrr. Ofar var grösugur rimi og þar ræktaði Sveinbjörn Kristjánsson, bóndi í Vesturkoti 1943-1975, kartöflur (Guðrún Sig.). Nú hefur Kringlumýrin verið ræst fram og eru þar langar túnskákir og mikill töðuvöllur.

Vesturkotsengjar (78), samheiti yfir engjarnar, sjá Kringlumýri.

Minnivallagrafir (79). Gamlar mógrafir vestan við Kringlumýrina og eru óhreyfðar enn.

Minnivallaengjar (80). Engjaland bóndans á Minni-Ólafsvöllum og lá vestan við Kringlumýrina og að Árhraunslandi. Landið var þýft en grösugt.

Hrauntögl (81). Þar skagar Merkurhraunið inn í landið eins og nafnið lýsir.

Minnivallastekkur (82). Stekkurinn hefur staðið á ílöngum, allháum hól, vestur í hrauninu, norðan við Grafardælina. Þar voru fjárhús og hesthús Minni-Ólafsvallabænda. Í flóðinu mikla 1930 drukknuðu þar kindur og hross sem feðgarnir Ketill Jónsson og Stefán sonur hans áttu (sjá stórflóðin í Hvítá).

Þar stendur enn að mestu leyti tóft, hlaðin úr hraungrýti, líklega fjárhúsið, 5x6 metrar að innanmáli, niðurgrafin, en hrunið hefur úr tóftinni í jarðskjálftunum 17. júní og 21. júní 2000. Vestur af tóftinni eru ummerki eftir hús en engar tóftir eftir (J.E.).

Örnefni á korti 2 og lýsing þeirra

Þjóðleiðin forna lá eftir Ólafsvallalandi endilöngu og skal nú fyrst lýst örnefnum ofan hennar.

Brennudælar (83). Stórt mýrarstykki með sléttum dælum en milli þeirra eru rimahólmar og flóðkílar. Dælarnar voru engjaland Vesturkotsbænda en Skeiðaáveitan náði ekki til þeirra. Nafnið bendir til þess að þær hafi legið undir eyðibýlinu Brennu.

Björnshús (84). Þar voru sauðahús frá Vesturkoti og kenndar við Björn Guðmundsson, bónda þar 1901-1902 og 1907-1943, sem byggði þau.

Húsin stóðu á allháum, ílöngum hól á mörkum hrauns og heiðar og eru tóftirnar heillegar enn. Sauðahúsið hefur verið 8x3 m að innanmáli með garða í miðju. Við vesturenda þess er heytóft um 3x3 m og voru hleðslur svo heillegar við skoðun (fyrir jarðskjálftana 2000) að við liggur að gera hefði mátt yfir tóftina. Skammt þar frá er grjótbýrgi (J.E.).

Í flóðinu mikla 1930 voru sauðirnir langt suður í hrauni á beit og björguðust en húsið flæddi upp í miðja vegg (Eir. Valdimarsson).

Háistekkur (85). Þar voru sauðahús frá Ólafsvöllum og stóðu á stórum, háum og ílöngum hól í hraunjaðrinum sem staðið hafa upp úr flóðum.

Á hólnum eru gamlar tóftir og standa hleðslurnar enn. Aðaltóftin er um 10 m á lengd og um 2 m á breidd að innanmáli og er greinilega fjárhúsið. Fyrir vesturenda

Þess hefur sennilega verið hlaða um 2x3 m að innanmáli og vottar þar fyrir hleðslu.

Við hlið aðaltóftarinnar er laut, greinilega tóft af litlu húsi en hleðslur eru horfnar.

Enginn veit lengur hver hafði þar sauði síðast.

Heiðin (86). Mikið heiðarland frá Ólafsvöllum, slétt og grjótlítið og nær frá Löngudæl að sunnan, vestur að hrauninu og upp að Brennudælum. Þar eru nú mikil tún og kornakrar Ólafsvallabændanna.

Gvendarhús (87). Þar byggði Guðmundur Jónsson frá Útverkum sauðahús þegar hann bjó á Ólafsvöllum 1905-1906 ásamt Jóni Brynjólfssyni er tók við búi af föður sínum, Brynjólfi Jónssyni og bjó þar til 1948.

Húsin stóðu á stökum hól í miðri heiðinni sunnanverðri. Þar sjást tóftir af litlu fjárhúsi og líklega smá hlöðutóft við hliðina. Ekki er getið um fjárskaða í húsi þessu í stórflóðinu 1930.

Heiðarhús (88). Þarna hafa verið fjárhús, sennilega sauðahús, á litlum og lágum hól eða bala fremst á heiðinni. Þar sést móta fyrir tóftum, 3x4 m að innanmáli en enginn veit hver byggði eða hvenær.

Löngulágargata (89). Gatan liggur eftir lág í hrauninu, eins og nafnið lýsir, og náði alla leið frá Árhraunsbænum og heim undir bæinn á Löngumýri. „Við fórum alltaf götuna þegar við fórum að Löngumýri“, segir Sólveig Þorleifsdóttir frá Árhrauni, f. 1915. Gatan er nú horfin undir tún í heiðinni en sést þó enn sem slakki í landinu.

Örnefni sunnan Þjóðleiðarinnar fornu á korti 2.

Áfangadæl (90). (Kort J.E.). Dælin mun vera austan Löngudælar en enginn veit hvar.

Lambhúsrími (91). Stórþýfður flagrimi austan Löngudælar og nær heim á tún á Löngumýri. Mun nafnið dregið af lambhúsinu sem stóð þar á túninu. Löngulágargata lá eftir rímanum. Ríminn er nú kominn í tún Ólafsvallabænda vestast.

Langadæl (92). Mikil og löng dæl upp af Áshildarmýri þar sem affall hennar er og náði rófa úr dælinni upp undir Ólafsvelli. Dælin var rennislétt, breið í miðjunni og þótti feikna slægjaland. Hún er enn óhreyfð ofar en á áveitutímanum var grafinn skurður eftir dælinni fremst sem varð til þess að hún varð forardammur þar. Síðar var skurðurinn grafinn upp til landþurrkunar.

Steinarími (93). Rími með stökum steinum og nær yfir mörkin í Löngumýrarland. Þar var oft slegið síðsumars.

Svínahraun (94). Hraunkargi allstór og stendur upp úr Mekurhrauninu, lítt gróinn en valllendi í kring og gott beitoland. Svínahraunið hefur staðið upp úr flóðum og þar festir sjaldan snjó. Gæti nafnið bent til þess að þar hafi svín gengið úti forðum.

Svínahraunstóftir (95). Þar efst í Svínahrauninu er grjóthóll mikill og miklar tóftir sauðahúsa. Stefán Stephensen prestur á Ólafsvöllum 1865-1885 hafði þar síðast 100 sauði (V.G.) en þar náðu stórflóðin ekki til.

Hrúthóll (96). Lítill grjóthóll, hornmark Löngumýrar og Kílhrauns og millimark við Ólafsvelli. Hóllinn stendur enn þótt grafinn hafi verið skurður sem á að vera í mörkum.

Örnefni á korti 3

Árhraunsbraut (97). Brautin liggur af Skeiðavegi móts við heimreiðina að Kílhrauni, rudd braut, og nokkuð malborin og vel fær bílum.

Hvítargötur (98). Svo nefni ég hinar fornu götur neðan úr Flóa, meðfram Hvítá og á Þjóðleiðina fornu (Mekurhraunsveg).

Helghóll (99). Hár og gróinn grjóthóll, millimark Ólafsvalla og Árhrauns. Þar féll Helgi trausti, sonur Ólafs tvennumbrúna landnámsmanns og Áshildar á Ólafsvöllum og er þeim atburðum lýst í Landnámu og Flóamannasögu.

Þar segir að Þorgrímur örrabein sem hafði verið kappi mikill, legið í víkingi, orðið öróttur í andliti og fengið af því viðurnefnið hafi lagt hug á Áshildi þegar Ólafur var dauður. Helgi sonur hennar vildi ekki þola henni og frændum hennar slíka svívirðu og sat fyrir Þorgrími sunnan Áshildarmýrar. Þar börðust þeir og féll Þorgrímur.

Hæringur, sonur Þorgríms, leitaði liðsinnis Teits Ketilbjarnarsonar, frænda síns í Höfða og sátu þeir fyrir Helga, fimmtán saman, upp frá Mörk við Helgahvál. Helgi var við þriðja mann, komust þeir í hólinn en þar féll Helgi og sinn maður úr hvoru liði. (Sjá enn fremur þáttinn *Ástir Áshildar á Ólafsvöllum*).

Mekurhraun (100). Hraunfláki mikill og nær til margra jarða og þriggja hreppa; Skeiða- Villingaholts- og Hraungerðishreppa. Nafnið bendir til þess að hraunið hafi verið vaxið viði eða skógi í fornöld. Hraunið er vaxið lyngi og mosa en beit í landi Ólafsvallatorfunnar þótti rýr en þó eru gróðursælar lautir innan um.

Lynghóll (101). Allstór grjóthóll, vaxinn mosa og lyngi. Hóllinn er millimark Ólafsvallatorfunnar og Árhrauns. Hóllinn hef ég staðsett á korti eftir ábendingu

Guðmundar Þórðarsonar í Kílhrauni árið 1998 og styð ég það eftir líkindum í landslagi við vettvangsskoðun.

Ólafsvallasel (102). Gróðurvin í Merkurhrauni, fornt sel frá Ólafsvöllum. Sagt er að sr. Guðni Guðmundsson, prestur á Ólafsvöllum 1835-1843, hafi haft þar síðast í seli (J.E., örnefnaskrá) en V.G. segir að það hafi verið sr. Pétur Stephensen, prestur á Ólafsvöllum 1843-1859.

Selhóllinn (103). Selið hefur staðið á allstórum, grónum hraunrima og stendur Selhóllinn upp úr honum. Þar eru tóftir af þremur kofum.

Seltjörn (104). Sunnan Selhólsins er allstór, gróin valllendisflöt og í henni miðri er tjörn, Seltjörnin. Sagt var að þar þryti ekki vatn og búfé sótti þangað í þurrkum.

Sögn er um að ein selstúlkanna hafi komið óvelkomnu barni sínu fyrir í tjörninni og heyrst þaðan útburðarvæl á undan illviðrum. Einnig átti slæðingur að hafa sést í hrauninu.

Ég tel líklegt að Ólafsvallasel sé hin forna Mörk samanber frásögn Landnámu um að Teitur Ketilbjarnarson og lið hans riðu „upp frá Mörk við Helgahvál“ þegar þeir sátu fyrir Helga trausta. Þá gæti Ólafsvallasel hafa verið lífvænlegt býli við landnám og búfé lengi getað bjargað sér á útigangi í skjóli skógarins.

Áshildarhóll (105). Lítill gróinn grjóthóll skammt sunnan þjóðleiðarinnar fornu og er hóllinn millimark Ólafsvallatorfunnar og Kílhrauns. Hóllinn er kenndur við Áshildi á Ólafsvöllum og er sögn að hún sé grafin þar en það er ekki líklegt. Hinsvegar gæti hún hafa átt þar stefnumót við Þorgrím örrabein, ástmann sinn, og vísast þar til þáttarins um *Ástir Áshildar á Ólafsvöllum*.

Sprengir (106). Þar fer þjóðleiðin forna út úr landi Ólafsvalla og fram í Kílhraunsland. Þar er slétt og sendin valllendisflöt og mun nafnið dregið af því að þar sprettu menn úr spori þegar komið var út úr hraunkarganum.

Skollapúfa (107). Lítill grjóthóll upp úr hrauninu. Í hólinn eru mörk fimm jarða; Ólafsvalla, Kílhrauns, Skálmholts, Hjálmhólts og Árhrauns og þriggja hreppa; Skeiða-
Villingaholts- og Hraungerðishreppa. Nú er girðing í mörkum.

Örnefni ekki á kortinu

Svíri (108). Svo nefnist hryggurinn í áttina frá Vesturkoti að Ólafsvöllum. Þar var áður göngugata í stórþýfðum móa en er nú kominn í tún (Guðrún Sigurðardóttir, húsfreyja í Vesturkoti áður).

Kirkjuvöllur (109) (Br. J.). Túnið suður af kirkjugarðinum (gamla), nú kirkjugarður?

Götutún (110) (Br. J.). Þar mun vera túnið kringum eyðibýlið Götu. Nafnið er nú gleymt.

Brennutún (111) (Br. J.). Það mun hafa verið túnið kringum eyðibýlið Brennu en nafnið er nú gleymt.

Ólafsvallagarðar (112). „Í daglegu tali kallaðir **Garðar** [(113)], voru hlaðnir um 1920. Þeir voru girðing milli bithaga og túna í Ólafsvallahverfi.“ (Þ.E.). Hér mun átt við undirhleðslu túngirðingar og stendur hleðslan að nokkru enn (K.G.).

Hesthóll (114). Lítill hóll skammt austur af Björnskotsbænum. Álög eru sögð á hólnum en sagnir um það eru óljósar.

Nöfn á túnum en verða varla talin örnefni

Björnskot

Framtún – túnið suður af bænum.

Vesturtún – vestur af bænum.

Austurtún – nú komið undir

Norðurgarð í landaskiptum

Norðurgarður

Austurtún – fyrir austan bæinn.

Norðurtún – fyrir norðan bæinn.

Vesturtún – vestan bæjarins.

Brynjólfur Jónsson nefnir líka Gerði og Gerðistún í örnefnaskrá sinni og segir eyðibýli en það er ekki nefnt í Jarðabókinni og enginn þekkir til þess.

3/4 2003.

J.E.

Landamerki Ólafsvallatorfunnar, þinglýst 18. júní 1886

Landamerki fyrir Ólafsvallahverfi á Skeiðum:

A. „Gráhella“: Hornmark milli Ólafsvallahverfis á aðra hlið og Útverka, Miðbýlis og Vorsabæjar á hina.

B. „Seyðishóll“: hornmark milli Ólafsvallahverfis á aðra hlið og Vorsabæjar, Syðribrúnavalla og Brúnavallakots á hina.

D. „Grágæsarhóll“: hornmark milli Ólafsvallahverfis á aðra hlið og Brúnavallakots og Hlemmiskeiðis á hina.

E. „Heydælarþúfa“: hornmark milli Ólafsvallahverfis á aðra hlið og Hlemmiskeiðis og Brjánsstaða á hina.

F. „Stelpuþúfa“: hornmark milli Ólafsvallahverfis á aðra hlið og Brjánsstaða og Arakots á hina.

G. „Hrúthóll“: heiðarmark milli Ólafsvallahverfis á aðra hlið og Löngumýrar og Kílhrauns á hina.

H. „Áshildarhóll“: hliðarmark milli Ólafsvallahverfis og Kílhrauns.

I. „Skollapúfa“: hornmark milli Ólafsvallahverfis á aðra hlið og Kílhrauns, Skálmholts, Hjálmholts og Árhrauns á hina.

J. „Lynghóll“: hliðarmark milli Ólafsvallahverfis og Árhrauns.

K. „Helgahóll“: Sömuleiðis. Milli framangreindra marka eru engin millimörk og á því ætíð að dragast bein lína.

L. Úr „Helgahól“ er bein lína í Þverósbotn (og Bauluós) og úr því ræður „Þverós“ og „Bauluós“ en fyrir austan „Bauluósbotninn“ ræður milli Útverka og Ólafsvallahverfis bein lína milli „Þverósbotns“ og fyrstnefndrar „Gráhellu“.

Samþykkir þessum mörkum erum vér.

Eiríkur Ingimundarson: ábúandi á Árhrauni.

Jón Einarsson: ábúandi á Vorsabæ.

Hafliði Þorsteinsson: ábúandi á Brúnavallak.

Brynjólfur Bryjólffsson: ábúandi á Hlemmiskeiði.

Hans Stefánsson: ábúandi s. st.

Auðunn Ólafsson: eigandi og bóndi á Kílhrauni.

Árni Guðmundsson; bóndi á Löngumýri.

Guðm. Halldórsson: á Brjánsstöðum, ábúandi.

Sveinn Teitsson: eigandi og bóndi á Skálmholti.

(10. maí 1885).

Heimildir og heimildarmenn

Landnámabók.

Flóamannasaga.

Haraldur Matthíasson: Landið og Landnáma, 2. bindi, bls. 472-473.

Brynjólfur Jónsson frá Minna-Núpi: Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1905, bls. 26-29 (örnefnaskrá).

Einar Arnórsson: Árnesingasaga, 2. bindi, bls. 61-69.

Þórhallur Vilmundarson: Grímnir 1, 1980, bls. 73.

Þorsteinn Bjarnason: Örnefnaskrá Vörðufells.

Guðmundur Eyjólfsson: Örnefnaskrá Húsatófta.

Egilssaga.

Jarðabókin frá 1709.

Jakob Benediktsson: Íslensk fornrit 1968, bls. 377-378.

Halldór Gestsson og Páll Lýðsson: Ábúendaskrá Skeiðahrepps.

Lýður Björnsson: Saga sveitarstjórnar á Íslandi, fyrra bindi.

Kristinn Kristmundsson, bréf.

Íslenskt fornbréfasafn: 3., 4. og 12. bindi.

Kirkjur Íslands: 2. bindi, Ólafsvallakirkja.

Guðmundur Kristinsson: Saga Selfoss.

Sveinn Sveinsson: Dunar á Eyrum 1959.

Hinrik A. Þórðarson: Örnefnaskrá.

Þorsteinn Eiríksson: Örnefnaskrá 1977.

Jón Guðmundsson: Sunnlenskar byggðir 1.

Safn til sögu Íslands: 4-2

Ljósrit landamerkjaskrár o.fl.

Munnlegar heimildir

Guðrún Sigurðardóttir, áður húsfreyja Vesturkoti.

Gyða Sveinbjörnsdóttir frá Vesturkoti, nú á Selfossi.

Eiríkur Valdimarsson, áður bóndi í Norðurgarði.

Sólveig Þorleifsdóttir frá Árhrauni, nú á Selfossi.

Unnið í mars og apríl 2003.

Endurskoðað og bætt um í ágúst 2004.

J.E.

Stafrófsskrá örnefna

Andrésfjósateigur 37=38	Hrossaskjól 28
Áfangadæl 90	Hrossateigur 55
Árhraunsbraut 97	Hrúthóll 96
Áshildarhóll 105	Húshóll 30
Bauluós 1	Hverfisskurður 16
Básadæl 44	Hvítargötur 98
Beljubani 25	Hæsnarimi 53
Björnshús 84	Kirkjugötur 23
Björnskotsdæl 74	Kirkjuvöllur 109
Björnskotskrókar 15	Klofsteinar 24
Björnskotsmýri 73	Koppadælar 62
Boladæl 41	Kringlumýri 77
Breiðadæl 6	Krókadæl 76
Brenna 68	Krókar 5=4
Brennudælar 83	Lambhúsrimi 91
Brennutún 111	Langadæl 92
Engjagata 75	Leirvík 9
Eystri-Vatnsstæði 39	Litla-Gráhell 21
Flóðgarðar 17	Lynghóll 101
Flóðgarður, Fremri- 29	Löngulágargata 89
Fremri-Flóðgarður 29	Merkurhraun 100
Garðar 113=112	Minnivallaengjar 80
Gata 66	Minnivallagrafir 79
Gjár 61	Minnivallastekkur 82
Grafardæl 52	Mjóadæl 67
Grafir 51	Mjóarófa 43
Grágæsarhóll 36	Ólafsvallabrautin forna 64
Gráhell, Litla- 21	Ólafsvallagarðar 112=113
Gráhell, Stóra- 20	Ólafsvallakrókar 4=5
Gráhelluhraun 22	Ólafsvallasel 102
Grænskjól 33	Ólafsvallavegur 57
Græniblettur 32	Ósabotnar 19
Gvendarhús 87	Prestsskurður 14
Götudælar 59	Seiðishóll 26
Götudælarhóll 60	Seigla 35
Götutún 110	Selhóll 103
Hansahús 65	Seltjörn 104
Háistekkur 85	Skollapúfa 107
Heiðarhús 88	Sprengir 106
Heiði 86	Staðarstekkur 11
Helghóll 99	Steinarimi 93
Hesthóll 114	Stekkjarðæl 46
Heydælarpúfa 42	Stekkjarhóll 47
Hjálp 69	Stekkur 48
Holudæl 45	Stelpupúfa 58
Hólar 50	Stóradæl 7
Hólmateigur 34	Stóra-Gráhell 20
Hraunkompur 27	Stórasund 54
Hrauntögl 81	Stórikrókur 8

Stöðull 71
Stöðulmýri 49
Stöðulmýri 70
Svínahraun 94
Svínahraunstóftir 95
Svíri 108
Tangi 40
Teigur 12
Teigur 38=37
Teitsvík 18
Tíðahóll 63
Torfdæl 72
Vatnsstæði, Eystri- 39
Vatnsstæði, Vestri- 13
Vestri-Vatnsstæði 13
Vesturkotsengjar 78
Þjóðleiðin forna 56
Þverós 2
Þverósmýri 3
Þverskurður 10
Ærhúshóll 31

| Skeiðahreppur

Stafrófsskrá örnefna á uppdrætti
eftir Jón Eiríksson.

Áfangadæl	Leirvík
Áshildarhóll	Litla-Gráhella
Básadæl	Lynghóll
Björnshús	Minnivallagrafir
Björnskotsdæl	Minnivallastekkur
Björnskotskrókur	Ólafsvallasel
Björnskotsmýri	Ólafsv[ellir]
Boladæl	Ósabotnar
Boladælarpúfa	Prestsskurður
Breiðdæl	Seigla
Brennudælar	Seltjörn
Grafardæl	Seyðishóll
Grafir	Skollapúfa
Grágæsarhóll	Sprengir
Gráhella, Litla-	Staðarstekkur
Gráhella, Stóra-	Stekkjardæl
Grænaskjól	Stekkur
Græniblettur	Stelpupúfa
Gvendarhús (tæftur)	Stóradæl
Götudæl	Stóra-Gráhella
Götudælarhóll	Stórasund
Háistekkur	Stórikrókur
Hansahús	Stöðulmýri
Harðivöllur	Stöðulmýri
Helghóll	Sveltishólar
Hólmateigur	Svínahraun
Holudæl	Svínahraunstæftur
Hraunkompur	Teigsvík
Hrossaskjól	Téigur
Hrúthóll	Teigur
Klofsteinar	Tíðhóll
Koppadælar	Torfdæl
Kringlumýri	Vatnsstæði
Krókadæl	Vatnsstæði
Lambhúsrimi	Þverósmýri
Langadæl	Ærhúshóll

Smala

Sveituhólar

Minni valla-
stektur

a - t - a - t - a - t - a

Brannur
Hólar

Boer

Foladaaklettur

Björnshús

Mels-
höll

Löngulaargata

Styrur
höll

Krusker

Helgihöll

ina-
aur
a - a
svinahraun-
tefur
Hriith

Olafsvallalnesfi.

N

S

Stóri Krökur

Leirvíki
Þverosmyri

Breid-
dal

Horn

Björndal

Breiddal
Mjóadal

Slóðarstígur
Minnisvalla-
gröf

Kringlunni

Smala

Swalla-
hólar

Minnisvalla-
hekkur

a-f-a-a-a

Ulf Teigs
vik

Björnsköts-
Krökur

Osobaj-
mar

Stóra-
Gröhella

Lilla
Gröhella

Sandis-
höll

Teigur

Prestsskurður

Kleppleinur

Hrafnkomput

Hölma-

Teigur

Stóradal

Björnskötsmyri

Vatnsstaði

Ídarstekkur
niðri
gröf

Q - Q

glu myti

niðri
Stekkur

Q - r - a - e - l

Björnsköts-
dalur

Tort
dalur
myri

dapn.

Hansa
húsi

Kopra-

Hrossa-
skjöl

Græn-
skjöl
græn-
blettur

gratir

Stóð-
dalur

Holudal
Stökkur

Bása-
dalur

Stóra sund

Stör
Höfudsmiði.

Vatnsstaði.

Prestsskur

Hraun K.

Teigvatn

Vatnsstaði

Göggurhóll

Hrossa-
skjöl

Gröna-
skjöl

Björn-
staði-
dalur

lumíti

Tor-
staði-
dalur

Gröna-
staði-
dalur

Björn-
staði-
dalur

Boladur
Boladurpítta

Stóra
Sund

Hansa
staði-
dalur

Tiðhóll

Gvendarhús
Höfudsmiði
Teigvatn

Hand-drawn map with labels in Icelandic:

- Ósloppingur
- Stóra-Gráhella
- Litla-Gráhella
- Sandisvellir
- Klappsteinar
- Prestsskurður
- Hraunkomput
- Hölma
- Teigur
- Seigla
- Grögasarhöll
- Valnustaðir
- Hrossa-skjöl
- Græna-skjöl
- Græn
- Björnstot
- idol

Krusker

Helgönd

Linghöll

Blafvalla-
sel
Seltjörn

Sprangir

Svina-
hraun
L-a-17-g-a
Svinahrauns-
teffur
a

Hardivöllur

Hrúthöll

Áshildur-
höll

Skollakvíða

hús
oppa-
delar

Tiðhöll

Vendar hús
hús loftur

Götu-
delar
höll

Stelpuriga

Manga-
del

Lambhústrimi